

SAMFÉLAGSHLUTVERK HÁSKÓLA
SKÝRSLA TIL RANNSÓKNASTOFU UM HÁSKÓLA
DESEMBER 2012



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

AKUREYRI

HJALTI JÓHANNESSEN OG TRAUSTI ÞORSTEINSSON

Efnisyfirlit

1. Rannsóknin	4
2. Bakgrunnur rannsóknar og fræðilegt samhengi.....	6
3. Áætlun um næstu skref	10
4. Kynningar á niðurstöðum	11
5. Næstu skref og áframhaldandi fjármögnun verkefnis	12
Heimildir	13
Viðaukar	14

1. Rannsóknin

Í mars 2011 samþykkti Rannsóknastofa um háskóla að veita Rannsókn og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) og Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA), fyrir hönd rannsóknarteymis frá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands, styrk til að vinna að rannsókn á samfélagslegu hlutverki háskóla. Í rannsóknarteyminu eru eftirfarandi:

Dr. Amalía Björnsdóttir, dósent við HÍ
Auður Pálsdóttir, aðjúntk við HÍ
Hjalti Jóhannesson, forstöðumaður RHA
Hjördís Sigursteinsdóttir, sérfræðingur RHA
Dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við HA og HÍ
Dr. Sigurður Kristinsson, forseti Hug- og félagsvísindasviðs HA
Trausti Þorsteinsson, lektor við HA

Hjalti og Trausti hafa einkum haldið utan um verkefnið fyrir hönd RHA og MSHA. Eftir ákvörðun um úthlutun styrks Rannsóknastofu um háskóla hófst rannsóknarteymið handa við að undirbúa netkönnun meðal starfsmanna háskólanna við rannsóknir og í akademískum stöðum. Miðað var við að könnun þessi myndi leita svara við rannsóknarspurningum 1 og 2 sem Rannsóknastofa um háskóla setti fram upphaflega, þ.e.

1. Hvernig skilja íslenskir háskólakennarar og sérfræðingar starfsskyldur sínar og fagmennsku?
2. Hvernig skilja íslenskir háskólakennarar samfélag sitt og samfélagslegar skyldur?

Rannsóknarteymið fundaði fjórum sinnum árið 2011 og sex sinnum 2012. Í átta skipti var um að ræða fjarfundi milli HA og HÍ en í 7. febrúar 2012 hittist hópurinn í Reykjavík og 1. júní 2012 á Akureyri. Í tengslum við fundinn 1. júní 2012 og dagskrá 25 ára afmælis Háskólans á Akureyri hélt Páll Skúlason öndvegisfyrirlesturinn „Siðferðileg köllun háskóla“ í Háskólanum á Akureyri. Síðasti fjarfundur verkefnishópsins var samráðsfundur með stjórn Rannsóknastofu um háskóla þann 15. nóvember 2012.

Rannsóknarteymið hófst handa á vormánuðum 2011 við að þróa spurningalista og lá hann í stórum dráttum fyrir í júní. Um haustið var listinn unninn áfram og forprófaður meðal starfsmanna allra háskólanna og miðað við að þessir starfsmenn væru með sem fjölbreyttastan bakgrunn (sjá viðauka 1). Samhliða því var hafist handa við að afla netfanga starfsmanna háskólanna til að unnt væri að framkvæma könnunina rafrænt. Nokkurra vikna töf varð á að spurningalistinn væri lagður fyrir sökum þess að flóknara var að afla leyfa hjá sumum stofnunum til að nota netföng starfsmanna en vonir stóðu til í upphafi.

Könnunin var lögð fyrir 901 starfsmann háskólanna í nóvember 2011 og lauk gagnaöfluninni í desember. Svörun reyndist vera 50,4% sem getur talist viðunandi þar sem um þýðiskönnun var að ræða. Gögnin voru flutt yfir í SPSS og greind. Á vormánuðum 2012 voru ýmsar greiningar gerðar úr könnuninni og var sún vinna að mestu í höndum Hjördísar Sigursteinsdóttur og Amalíu Björnsdóttur.

Samhliða þessum greiningum og í framhaldi af þeim hefur rannsóknarteymið kynnt verkefnið og niðurstöður þess á nokkrum málþingum og ráðstefnum. Í kafla 5 er yfirlit yfir birtingar og í viðaukum 3-8 má sjá þær greinar og kynningar sem þegar liggja fyrir og hafa verið ákveðnar.

Rannsóknateymið hefur gert með sér samkomulag um afnot af gögnum rannsóknarinnar og munu afnot af þeim verða opin fyrir meðlimi teymisins og er það vilji þess að gögn verði sem aðgengilegust fyrir aðila utan teymisins með þeim takmökunum sem reglur um meðferð persónulega greinanlegra upplýsinga kveða á um. Þannig má hugsa sér að gera kannanir sem framkvæmdar eru í verkefninu eða ákveðinn hluta þeirra aðgengilegar á innri vef háskólanna til frekari úrvinnslu og rannsókna nemenda og fræðimanna utan rannsóknateymisins.

Sigurður Kristinsson ásamt Hjalta Jóhannessyni og Trausti Þorsteinssyni fékk í janúar 2012 úthlutað styrk úr Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri til að vinna áfram úr könnun í verkefninu og undirbúa næstu skref í rannsókninni sem fylgir í stórum dráttum upphaflegri rannsóknaráætlun.

2. Bakgrunnur rannsóknar og fræðilegt samhengi

Í rannsóknaráætluninni sem lögð var upphaflega fyrir Rannsóknastofu um háskóla var rannsóknin sett í fræðilegt samhengi með eftirfarandi hætti.

Háskólar eru sérstök tegund stofnunar og hafa sérstaka stöðu í hverju samfélagi. Þeir eru sjálfstæðar menntastofnanir, sem sinna kennslu, rannsóknum, varðveislu þekkingar, þekkingarleit og sköpun á sviðum vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista (Lög um háskóla nr. 63/2006). Skipulag þeirra getur verið mismunandi m.a. vegna ólíkra landfræðilegra og sögulegra aðstæðna. Í Magna Charta yfirlýsingunni frá 1988 sem þorri evrópskra háskóla hafa undirritað segir að háskólar skapi, fjalli um, meti og flytji áfram menningu með rannsóknum og kennslu en til þess að mæta þörfum þess samfélags sem þeir starfa í, verða rannsóknir og kennsla að vera siðferðilega og þekkingarlega óháð öllu pólitísku og efnahagslegu valdi. Í lögum um háskóla nr. 63/2006 segir um hlutverk háskóla:

Hlutverk háskóla er að stuðla að sköpun og miðlun þekkingar og færni nemenda og samfélagsins alls. Starf háskóla miðar að því að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti. Háskóli er miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi.

Háskólar eru helstu menntastofnanir hvers samfélags. Þeir hafa sjálfðæmi um starfsemi sína og veita menntun, sem tekur mið af þörfum samfélagsins hverju sinni. Hún getur hvort sem er verið fræðilegs eðlis, starfsmiðuð nema að hvort tveggja sé. Páll Skúlason (2003) greinir þrjú sérkenni háskóla sem stofnunar. Í fyrsta lagi er hann stofnun sem helgar sig lærdómi og er skipulögð í þágu hans. Í öðru lagi er hann félagsheild fræðimanna, kennara og nemenda, sem aðhyllast sömu grunnigildi frjálsra rannsókna á hverju því sem þá fýsir að skilja og í þriðja lagi stofnun sem þarf að stýra og reka á skilvirkan og árangursríkan hátt en þó í samræmi við skipulag hans sem stofnunar.

Í Magna Charta (1988) yfirlýsingunni, sem undirritað var af rektorum evrópskra háskóla í Bologna, segir að grundvallarskilyrði háskóla sé að þar tvinnist saman kennsla og rannsóknir eigi fræðsla þeirra ekki að dragast aftur úr breyttum þörfum þegnanna, kröfum samfélagsins eða framförum í vísindalegri þekkingu. Í yfirlýsingunni er áhersla lögð á frelsi í rannsóknum og þjálfun og segir þar að bæði stjórnvöld og háskólar verði að fremsta megni að tryggja virðingu fyrir þeirri grundvallarkröfu. Yfirlýsingin samanstendur af fjórum grundvallarskilyrðum sem muni, nú og um ókomna framtíð styðja starf háskóla: 1) Viðleitni til að varðveita siðferðilegt og andlegt sjálfstæði gagnvart stjórnvaldum og fjárhagslegum öflum, 2) áherslu á nán og virk samskipti milli kennslu og rannsókna, 3) áherslu á frelsi í rannsóknum og þjálfun og 4) varðstöðu um húslegu hefð Evrópu í sókn eftir algildri þekkingu.

Ljóst má vera að háskólar gegna margvíslegu og mikilvægu samfélagslegu hlutverki, en eins og Jón Torfi Jónasson (2010) bendir á er vandinn sá að þegar á reynir þá virðist lítið samkomulag um það í hverju þetta samfélagslega hlutverk felst, hvernig háskólar eiga að þjóna samfélaginu. Sú deila sem lengst hefur staðið um háskólann snýst um tengsl hlutverks stofnunarinnar við þekkingaröflunina á móti fræðsluhlutverkinu, milli þess að afla (eða viðhalda) upplýsinga og þekkingar á móti miðlun hennar (Jón Torfi Jónasson, 2008).

Akademískt frelsi og sjálfstæði háskóla er lykilatriði í starfi opinberra háskóla. Það er margslungið hugtak er felur það í sér að háskólar tryggji kennurum sínum frelsi til að kenna og rannsaka viðfangs-efni sín eins og þeir sjálfir telja skynsamlegast. Í nútíðinni rammalögum um háskóla er ekki vikið

sérstaklega að akademísku frelsi en rektorar íslenskra háskóla hafa sjálfir undirritað yfirlýsingu um forsendur og frelsi háskóla. Yfirlýsingin er eins konar stjórnarskrá háskóla hérlandis sem kveður á um þau grunngildi sem þeim ber að starfa eftir. Í yfirlýsingunni segir að hlutverk háskóla sé að skapa skilyrði til frjálsrar þekkingarleitar, -sköpunar, -varðveislu, og -miðlunar á sviði vísinda, fræða og lista. Með starfsemi sinni þjóni þeir fræðunum og langtímahagsmunum samfélagsins. Háskólunum ber að standa vörð um akademískt frelsi sem felur það m.a. í sér að einstaklingur geti stundað rannsóknir, kennslu, eða nám án óeðlilegrar íhlutunar laga, stofnana, eða félagshópa. Sá sem nýtur akademísku frelisis getur leitað þekkingar og tjáð sannfæringu sína án þess að eiga á hættu að það bitni á starfsöryggi hans eða öðrum mikilvægum hagsmunum. Samkvæmt yfirlýsingunni nær akademískt frelsi til kennslu, rannsókna og nemenda. Það felur í sér rétt kennara til að fjalla um kennslugrein sína á þann hátt sem hann telur skynsamlegt og í samræmi við fræðilegar kröfur og til að meta árangur nemenda á faglegum forsendum. Nemendur hafa frelsi til að velja sér námsgrein, komast að eigin niðurstöðu og tjá skoðun sína. En akademísku frelsi fylgir jafnframt sú ábyrgð að viðkomandi starfi af heilindum og gangist undir fræðileg viðmið. Honum ber að forðast að eigin hagsmunir hafi áhrif á rannsóknarniðurstöður. Akademískt frelsi dregur ekki úr ábyrgð starfsmanns á að fara að almennum starfsreglum og siðareglum stofnunar sinnar (Yfirlýsing, 2005).

Akademískt frelsi háskólakennara felur í sér rétt hans til að fjalla um kennslugrein sína á þann hátt sem hann telur skynsamlegt og í samræmi við kröfur fagsins. Það felur í sér rétt til að meta árangur nemenda á faglegum forsendum, í samræmi við þá stefnu sem deild eða háskólastofnun hefur samþykkt. Akademískt frelsi nemenda felur í sér rétt til að velja námsgrein, komast að eigin niðurstöðum og tjá skoðun sína.

Akademískt frelsi til rannsókna felur í sér rétt til að velja viðfangsefni og aðferðir. Það felur í sér rétt og skyldu til að birta niðurstöður opinberlega, hverjar sem þær kunna að vera, svo framarlega sem rannsóknin stenst kröfur faglegs jafningjamats.

Akademískt frelsi í háskólasamfélagi felur í sér rétt háskólamanna til að gagnrýna stefnu og starfs hætti stofnunar sinnar. Það felur í sér borgaralegan rétt til tjáningar og þátttöku í stjórn- og félagsmálum utan háskólans, án þess að það bitni á árangursmati, framgangi, eða starfskjörum.

Akademísku frelsi einstaklings fylgir sú ábyrgð að hann starfi af heilindum og gangist undir fræðileg viðmið og taki þátt í mótun þeirra með sannleikann að leiðarljósi. Því fylgir sú skylda að forðast að eigin hagsmunir hafi áhrif á rannsóknarniðurstöður. Akademískt frelsi starfsmanns dregur ekki úr ábyrgð hans á að fara að almennum starfsreglum og siðareglum stofnunar sinnar.

Frelsið er þó ekki sjálfgefið og upp hafa komið viðhorf sem telja að því þurfi að vera takmörk sett. Árið 2006 ályktuðu samtök háskólakennara á Norðurlöndum um akademískt frelsi þar sem fram koma þær áhyggjur kennara að það eigi undir högg að sækja. Einkenni þessa töldu þeir birtast í eftirfarandi:

- Vaxandi skrifræði og aukin miðstýring á rannsóknum og kennslu háskólakennara.
- Minnkandi lýðræði og takmörkuð aðkoma starfsmanna að ákvörðunum er varða háskólasamfélagið.
- Hert pólitísk stýring á rannsóknarfé og úthlutun þess.
- Skertur réttur til frjálsra birtinga á niðurstöðum rannsókna. Aukin áhersla á að einkaleyfa sé aflað og þess krafist í ríkara mæli en áður að rannsóknarniðurstöðum sé haldið leyndum (Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands, 2006).

Benda háskólakennarar á að akademískt frelsi sé grundvallar forsenda þess að rannsóknir geti blómstrað innan háskólanna. Þeir segja í akademísku frelsi felist frjálst val rannsóknarefna og aðferða, frjáls og óheft birting á rannsóknarniðurstöðum og frjálsræði í skoðanaskiptum vísindamanna um rannsóknir og rannsóknarniðurstöður. Jafnframt að það feli í sér frelsi til gagnrýnnar umræðu um þau mál er varða samfélagið og þróun þess. Um leið leggja kennarar áherslu á að kröfu um frelsi fylgi rík ábyrgð gagnvart þeim verkefnum sem háskólakennarar eru ráðnir til að sinna og í samræmi við það hagi þeir störfum sínum (Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands, 2006).

Jón Torfi Jónasson (2008) segir að það séu tvær innbyrðis tengdar ástæður fyrir því að telja má sjálfstæðið gríðarlega mikilvægt háskólum. Þar sem þekking er ákaflega öflugt verkfæri eru líkur til að ýmsir þeir sem hagsmuna eiga að gæta reyni að hefta eða stjórna öflun hennar. Slíkar tilraunir beinast m.a. að þeirri þekkingu sem ógnað getur ráðandi öflum eða að upplýsingum sem nýta má tilteknum málstað til varnar eða framdráttar. Þetta getur haft neikvæð áhrif á hvort heldur þekkinguna sem slíka eða samfélag það sem henni er ætlað að þjóna. Þess vegna verður að standa vörð um sjálfstæði öflunar og miðlunar þekkingar. Vilhjálmur Árnason (2009) segir hugsjónina þá að fræðimönnum beri einungis að lúta kennivaldi fræðilegra röksemda og halla aldrei réttu máli vegna annarra hagsmuna sem þeir kunna að hafa eða vegna þrýstings utanaðkomandi afla. Þessi hugsjón kallast á við skilgreiningar fræðimanna á fagmennsku eða fagstéttum (profession). Dr. Broddi Jóhannesson skilgreindi á eftirfarandi hátt það sem hann nefndi lífsstarf og kaus að nota í stað hugtaksins fagstétt:

Starfið veltur á viðurkenndum forða sameiginlegrar sérþekkingar, kunnáttu sem leikni, og sameiginlegu siðgæði starfsmanna. Gæta þeir þess sjálfir án ytri íhlutunar og af því hugarfari, að skyldur þeirra við skjólstæðinga sína séu æðri öðrum skyldum starfsins.

Fagstéttir reisa tilvist sína á vísindalegri þekkingu eða hafa á annan hátt á valdi sínu sérfræði sem grundvölluð er á þeim vísindum sem sérvið þeirra lýtur að. Fagmaðurinn er því talinn hæfur til að bregðast við á þýðingarmiklu sviði við mjög flóknar aðstæður. Til að geta brugðist við hverju viðfangsefni þurfa fagmenn að hafa víðtækt sjálfstæði í starfi en um leið undirgangast þeir siðferðilegar skyldur.

En háskólar búa ekki aðeins yfir akademískum starfsmönnum sem hafa rannsóknarskyldu sem hluta af ráðningarkjörum sínum. Innan þeirra eða rannsóknarstofnana sem reknar eru undir merkjum háskólanna starfar fjöldi sérfræðinga sem vinna við rannsóknir af ýmsum toga og verða að afla tekna til að kosta vinnulaun sín. Oftar en ekki annast sérfræðingar þjónusturannsóknir af ýmsu tagi, þeir starfa á samkeppnismarkaði og annast rannsóknir fyrir hagsmunasamtök, einstaklinga, fyrirtæki eða stofnanir. Ráðningarformið sem slíkt dregur ekki úr akademískum kröfum sem háskólinn gerir til starfsmanna sinna en hætta er á að viðfangsefnin og fjármögnun þeirra geti varpað rýrð á niðurstöður rannsókna sérfræðinga sem sjálfstæðra, hlutlausra rannsókenda.

Í nútímanum herja efnahagsleg öfl á vísindin. Vilhjálmur Árnason (2008) segir að í því ljósi verði að ígrunda hugmyndina um gríðland fræðanna. Hún feli alls ekki í sér skeytingarleysi um það hvernig og í hvaða skyni fræðin eru notuð heldur hvetur hún til þess að fræðimenn standi vörð um sjálfstæði sitt gagnvart öllum þeim öflum sem vinna gegn hinni vísindalegu hugsjón, og að þeir hafi gagnrýnið eftirlit með störfum sínum í samræmi við það. Fræðimenn þurfa að skoða gagnrýnið hvernig þekkingin er virkjuð í þágu ríkjandi afla í samfélaginu. Að öðrum kosti aukast líkurnar á því að fræðimenn verði handbendi ráðandi afla eða andstæðinga þeirra. Þetta getur gerst hvort heldur með því að fræðin séu

notuð gagnrýnislaut sem framleiðslutæki eða að fræðimenn verði „aktivistar“ og noti fræðin sem verkfæri í pólitískum átökum sem koma sannleiksleitinni ekkert við.

Í kjölfarið á hrúni íslenska bankakerfisins og við uppgjör á því kom m.a. fram gagnrýni á hlut fræðimanna. Þeir þóttu oft og tíðum ekki hafa sinnt nægilega vel hlutverki sínu. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis á orsökum og afleiðingum bankahrunsins kom m.a. fram að margir hafi gert sér grein fyrir víðtækum áhrifum bankanna á háskólastarf, lista- og menningarlíf. Í þessu sambandi gat t.d. verið um að ræða greiðslur til háskóla vegna rannsókna, t.d. styrkir eða stöður fræðimanna en hætt er við að starfsmenn stofnunar eða fyrirtækis sýni eiganda sínum eða borgunarmanni ákveðna undirgefni eða auðsveipni. Þannig virðist gagnrýni á þróun mála í aðdraganda bankahrunsins hafi á köflum ekki verið sem skyldi. Forsvarsmenn fjármálafyrirtækja og stjórnámamenn nýttu sér enda oft útgáfur fræðimanna til að auka trúverðugleika sinna fyrirtækja eða þeirrar stefnu sem unnið var eftir á þessum tíma. Sumar þessar úttektir voru kostaðar af aðilum sem áttu hagsmuna að gæta um þær niðurstöður sem fræðimennirnir komust að. Nefnd eru nokkur dæmi um mál af þessum toga í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um siðferðislegan hluta bankahrunsins. Þannig fengu háskólar landsins að einhverju leyti styrki frá fjármálastofnunum fyrir bankahrúnið. Nauðsynlegt er að í þessari rannsókn verði skoðað hvort háskólakennarar eða rannsakendur hafi orðið fyrir þrýstingi frá kostunaraðilum um niðurstöður rannsókna eða þátttöku í umræðu um tiltekin samfélagsleg álitamál.

Allmargir íslenskir fræðimenn hafa komið fram eftir bankahrúnið og fjallað um það hvernig háskólar geta betur rækt hlutverk sitt til að rannsaka samfélagsleg viðfangsefni samtímans á hlutlægan hátt og til þess að veita nægilegt aðhald í samfélaginu. Meðal annars kemur fram hjá Vilhjálmi Árnasyni (2009) að það vinnuáskerfi sem háskólakennarar og sérfræðingar vinna samkvæmt sé í raun andsnúið því að taka þátt í rannsóknum þar sem álitamál samtímans eru til umfjöllunar og tekið þátt í umræðu við aðila utan akademíunnar. Þróunin í þessu matskerfi hafi hins vegar verið sú að meta meira starf háskólakennara sem felst í samræðu við aðra innan akademíunnar, s.s. með ritun ritrýndra fræðigreina í stað þess að skrifa skýrslur eða álitargerðir og veita ráðgjöf sem varðar álitamál samtímans. Nauðsynlegt er að rannsaka hvort þetta sé raunin að rannsakendur hafi beint rannsóknum sínum inn á ákveðnar brautir vegna matskerfisins. Þá bendir sami höfundur á að þegar fræðimenn sitja fyrir svörum hjá fjölmiðlum varðandi ýmis álitamál er varðar fræðasvið þeirra sé áhugi fjölmiðla fremur á skoðunum þeirra en fræðilegum rökum og greiningu. Sé þetta svo, virðist ekki fyrst og fremst við fræðimenn að sakast en ljóst að hér þarf að bæta vinnubrögð og það hlýtur að vera hlutverk fræðimanna að sýna ákveðið frumkvæði hvað þetta varðar. Nauðsynlegt er að rannsaka frekar hvort þetta eigi við rök að styðjast og þá hvernig bæta megi úr. Sú nálægð sem skapast gjarnan í hinu fámenna íslenska samfélagi kann að valda því að fræðimönnum kann að þykja óhægt um vik að tjá sig um pólitísk deilumál samtímans, m.a. þar sem það geti bitnað á þeim síðar á einn eða annan hátt. Sömuleiðis kann álit sérfræðinga að vera dregið í efa vegna tengsla þeirra við stjórnmalaflokka eða fyrirtæki. Í siðfræðihluta skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (2010) er fjallað um þessi atriði og vitnað í “Reykjavíkurbref” Morgunblaðsins frá lokum ágúst 2009 um að erfitt hafi reynst fyrir blaðamenn blaðsins að fá álit fræðimanna á ýmsum álitamálum af framangreindum ástæðum. Umsækjendum þykir rétt að rannsóknin taki m.a. mið af þessum fullyrðingum til að kanna hvort þær eigi við rök að styðjast og hvort breytingar á þessu hafi átt sér stað eftir 2008.

3. Áætlun um næstu skref

Sigurður Kristinsson, Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson fengu í janúar 2012 úthlutað um 900 þúsund kr. styrk úr Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri til að vinna áfram úr netkönnuninni og undirbúa næstu skref í rannsókninni sem fylgir í stórum dráttum upphaflegri rannsóknaráætlun. Hefur rannsóknarhópurinn ákveðið að sá áfangi muni einkum felast í rýnihópaviðtölum með einstaklingum innan háskólasamfélagsins.

Þá er einnig áformað að gera athugun á umfangi kostunar fræðistarfs í háskólasamfélaginu. Ennfremur verður unnið að öflun og samantekt fyrirbyggjandi gagna og tölfræðilegra upplýsinga um háskólastigið á Íslandi. Þá hefur verið rætt um að afla styrkja fyrir háskólanema til vinna að völdum, afmörkuðum viðfangsefnum í rannsókninni.

Rannsóknarhópurinn hefur gert með sér samkomulag um notkun gagna og skjala í rannsókninni þar sem fram kemur hvernig aðgengi að gögnum er háttað, bæði innan teymisins og gagnvart öðrum, sjá viðauka 2. Væntir hópurinn þess að unnt verði að gera þessi gögn aðgengileg fyrir fleiri í fræðasamfélaginu, bæði nemendur og kennara, t.d. gegnum Uglu, upplýsingakerfi opinberu háskólanna.

4. Kynningar á niðurstöðum

Niðurstöður verkefnisins hafa verið kynntar á eftirfarandi ráðstefnum og málþingum á árinu 2012:

- Ráðstefnan Íslensk þjóðfélagsfræði 2012, Háskólanum á Akureyri, 20. – 21. apríl 2012:
 - *Bakgrunnur rannsóknar og greining á völdum gögnum. (Trausti Þorsteinsson, Hjördís Sigursteinsdóttir og Sigurður Kristinsson)*
- Menntakvika, Háskóla Íslands, 5. október 2012:
 - *Samfélagslegt hlutverk háskóla. (Sigurður Kristinsson, Hjördís Sigursteinsdóttir og Trausti Þorsteinsson)*
- Þjóðarspegillinn, Háskóla Íslands, 26. október 2012:
 - *Viðhorf háskólakennara til kennslu. (Amalía Börnsdóttir og Auður Pálsdóttir)*
 - *Bolognaferlið, akademískt frelsi og gæði í háskólastarfi. (Ingólfur Á. Jóhannesson)*
 - *Kostun háskólastarfs. (Hjalti Jóhannesson, Sigurður Kristinsson og Trausti Þorsteinsson)*

Ákveðið hefur verið að taka þátt í eftirfarandi ráðstefnu:

- NERA, the Nordic Educational Research Association and the School of Education, Háskóla Íslands, 7.-9. mars 2013:
 - *The Public Role of Universities – Survey among Icelandic Academics. (Sigurður Kristinsson)*

Greinarskrif:

Trausti Þorsteinsson, Sigurður Kristinsson og Hjördís Sigursteinsdóttir. (2012). Samfélagslegt hlutverk háskóla. *Stjórnmal & stjórnsýsla* 2. tbl. 8. árg. (281-302).

Ingólfur Á. Jóhannesson (2012). *Excellence, Innovation, and Academic Freedom in University Policy in Iceland*. (væntanlegt).

5. Næstu skref og áframhaldandi fjármögnun verkefnis

Til að fylgja eftir ákveðnum hlutum rannsóknarinnar, gera frekari greiningar á könnunargögnum og undirbúa næstu skref rannsóknarinnar fengu Sigurður Kristinsson, Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson í janúar 2012 úthlutað um 900 þúsund kr. styrk úr Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri. Fylgir sú áætlun í stórum dráttum upphaflegri rannsóknaráætlun. Hefur rannsóknarhópurinn ákveðið að næsti áfangi muni einkum felast í rýnihópaviðtölum með einstaklingum innan háskólasamfélagsins og er undirbúningur þessa áfanga hafinn.

Þá er einnig áformað að gera athugun á umfangi kostunar fræðistarfs. Ennfremur verður unnið að öflun og samantekt fyrirbyggjandi gagna og tölfræðilegra upplýsinga um háskólastigið á Íslandi. Rætt hefur verið um að afla styrkja fyrir háskólanema til vinna að völdum, afmörkuðum viðfangsefnum í rannsókninni.

Rannsóknarhópurinn hefur gert með sér samkomulag um notkun gagna og skjala í rannsókninni þar sem fram kemur hvernig aðgengi að gögnum er háttað, bæði innan teymisins og gagnvart öðrum, sjá viðauka 2. Væntir hópurinn þess að unnt verði að gera þessi gögn aðgengileg fyrir fleiri innan fræðasamfélaginu, bæði nemendur og kennara t.d. í gegnum Uglu, upplýsingakerfi opinberu háskólanna.

Rannsóknahópurinn er sammála um að leita styrkja til að vinna áfram að verkefninu og bjóða meistara- og/eða doktorsnema að því. Þá mun hópurinn halda áfram að leita eftir fé í rannsóknasjóði háskólanna. Jafnframt verður kannað hvort möguleikar séu á sérstökum fjárveitingum eða styrkjum frá opinberum aðilum.

Telur rannsóknahópurinn að með þeirri vinnu sem kynnt er í þessari greinargerð hafi hann lokið þeim áfanga verkefnisins sem upphaflegur styrkur frá Rannsóknastofu um háskóla var veittur til. Þá hefur að mestu leyti verið unnið samkvæmt þeirri áætlun sem gerð var vegna styrks frá Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri í janúar 2012. Ljóst er þó að hér er um viðamikið og mjög þarft rannsóknarefni að ræða sem hópurinn væntir að verði lögð rækt við að sinna á næstu árum.

Heimildir

Jón Torfi Jónasson. (2010). *Háskólar og gagnrýnin þjóðfélagsumræða*. Erindi flutt á Hugvísindapingi, 20. mars 2010. Sótt 5. febrúar 2011 af <http://www3.hi.is/~jtj/greinar/Hugvisindathing%205-3-2010.pdf>.

Jón Torfi Jónasson. (2008). *Inventing tomorrow's university : Who is to take the lead? : An essay of the magna charta observatory*. Bologna: Bologna University Press.

Vilhjálmur Árnason. (2009). Árvekni eða auðsveipni: Hlutverk hugvísindamanna í samfélagsumræðu. *Tímarit Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands*, 9 (2-3), 21-34.

Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir. (2010). Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008. Í Páll Hreinsson, Tryggvi Gunnarsson og Sigríður Benediktsdóttir (ritstjórar). *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir (8. hefti)*. Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis.

Lög um háskóla nr. 63/2006.

Páll Skúlason. (2003). Markmið og skipulag háskóla. Í Kristján Kristjánsson, & Logi Gunnarsson (Eds.), *Heimspækimessa. ritgerðir handa Mikael M. Karlssyni prófessor sextugum* (pp. 29-41). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Magna Charta. (1988). *Magna Charta Universitatum*. Sótt 6.12.2012 af http://www.magnacharta.org/library/userfiles/file/mc_english.pdf.

Yfirlýsing. (2005). *Yfirlýsing um forsendur og frelsi háskóla*. Sótt 15.05.2012 af <http://www.bifrost.is/islenska/um-haskolann/frettir/nr/22768/>.

Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands. (2006). *Ályktun frá háskólakennurum á Norðurlöndum*. Sótt 4.12.2012 af https://notendur.hi.is/torfi/kkhi/akademiskt_frelsi.htm.

Viðaukar

1. Spurningalisti, lagður fyrir í netkönnun, nóvember 2011.
2. Samkomulag um notkun gagna og skjala.
3. Trausti Þorsteinsson, Hjördís Sigursteinsdóttir og Sigurður Kristinsson. (2012). *Bakgrunnur rannsóknar og greining á völdum gögnum*. Erindi flutt á Ráðstefnu Íslensk þjóðfélagsfræði 2012, Háskólanum á Akureyri, 20. – 21. apríl 2012.
4. Sigurður Kristinsson, Hjördís Sigursteinsdóttir og Trausti Þorsteinsson. (2012). *Samfélagslegt hlutverk háskóla*. Erindi flutt á Menntakviku, Háskóla Íslands, 5. október 2012.
5. Amalía Börnsdóttir og Auður Pálsdóttir. (2012). *Viðhorf háskólakennara til kennslu*. Erindi flutt á Þjóðarspeglinum, Háskóla Íslands, 26. október 2012.
6. Ingólfur Á. Jóhannesson. (2012). *Bolognaferlið, akademískt frelsi og gæði í háskólastarfi*. Erindi flutt á Þjóðarspeglinum, Háskóla Íslands, 26. október 2012.
7. Hjalti Jóhannesson, Sigurður Kristinsson og Trausti Þorsteinsson. (2012). *Kostun háskólastarfs*. Erindi flutt á Þjóðarspeglinum, Háskóla Íslands, 26. október 2012.
8. Sigurður Kristinsson (2012). *The Public Role of Universities – Survey among Icelandic Academics*. Abstract fyrir ráðstefnuna NERA, the Nordic Educational Research Association and the School of Education, Háskóla Íslands, 7.-9. mars 2013
9. Trausti Þorsteinsson, Sigurður Kristinsson og Hjördís Sigursteinsdóttir. (2012). Samfélagslegt hlutverk háskóla. *Stjórnsmál & stjórnsýsla* 2. tbl. 8. árg. (281-302).
10. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (væntanlegt). *Excellence, Innovation, and Academic Freedom in University Policy in Iceland*. Draft version #2, prepared for Þjóðarspegilinn (Research in the Social Sciences) October 2012.

1. Ert þú karl eða kona?

- Karl
- Kona

2. Hvað ert þú gamall/gömul?

- 30 ára eða yngri
- 31-40 ára
- 41-50 ára
- 51-60 ára
- 61 árs eða eldri

3. Hvert er starfshlutfall þitt?

- Fullt starf (100%)
- 50-99%
- 25-49%
- 1-24%

4. Hvaða prófgráðum hefur þú lokið og hvaðan?

	Frá íslenskum háskóla	Frá háskóla á Norðurlöndunum	Frá háskóla í Evrópu utan Norðurlandanna	Frá háskóla í Bandaríkjunum eða Kanada	Frá háskóla á öðrum svæðum
Bakalárpróf	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Meistarapróf	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Doktorspróf	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

5. Hvert er helsta fræðasvið þitt?

- Félagsvísindi
- Heilbrigðisvísindi
- Menntavísindi
- Hugvísindi og listir
- Náttúruvísindi
- Raunvísindi
- Verk- og tæknifræði
- Annað fræðasvið og þá hvaða?

6. Hvert er starfsheiti þitt eða helsta starfssvið innan háskólans?

- Prófessor
- Dósent
- Lektor
- Aðjunkt
- Sérfræðingur, fræðimaður eða vísindamaður
- Annað starfssvið og þá hvaða?

7. Hafðir þú starfað á almennum vinnumarkaði áður en þú byrjaðir í núverandi starfi?

- Já
- Nei

8. Starfsreynsla á vinnumarkaðinum. Merktu við allt sem við á.

	innan við ár	1-3 ár	4-10 ár	11-15 ár	Meira en 15 ár
Ég vann sem aðstoðarmaður eða stundakennari í rannsóknum eða kennslu	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Ég vann í öðrum háskóla/háskólum	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Ég vann í opinbera geiranum	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Ég vann í einkageiranum	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Ég var sjálfstætt starfandi	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

9. Hversu mörg ár hefur þú haft starfið í háskólanum sem þú starfar hjá sem aðalstarf?

- Innan við ár
- 1-3 ár
- 4-10 ár
- 11-15 ár
- Meira en 15 ár

10. Hvert er rekstrarform stofnunarinnar sem þú vinnur hjá?

- Ríkisrekinn háskóli
- Einkarekinn háskóli
- Rannsóknarstofnun háskóla með sjálfstæðan fjárhag
- Rannsóknarstofnun háskóla á fjárlögum
- Veit ekki
- Annað rekstrarform og þá hvaða?

Spurningar um kennslu

11. Hefur þú lokið námi eða fengið skipulagða þjálfun í kennslu? Merktu við allt sem við á.

- Lauk kennsluréttindanámi (hálfársnámi eða lengra)
- Hef sótt styttri námskeið um kennslu
- Hef ekki fengið neina þjálfun í kennslu
- Annað nám/þjálfun - vinsamlegast tilgreinið hvaða annað nám/þjálfun

12. Hve margar einingar var kennsla þín á síðasta skólaári, þ.m.t. kennsla, undirbúningur, námsmat og umsjón?

- 1 - 300
- 301 - 600
- 601 - 900
- 901 - 1200
- 1201 - 1500
- Meira en 1500

17. Kenna stundakennarar í námskeiðum sem þú hefur umsjón með?

- Já
- Nei

18. Hver er helsta ástæðan fyrir því? Merktu við allt sem við á.

- Lægri launakostnaður
- Þekking ekki til staðar á deild/sviði
- Mikilvægt að fá þekkingu/reynslu utanaðkomandi aðila
- Önnur ástæða og þá hver?

20. Hversu vel eða illa hefur þú kynnt þér siðareglur sem gilda á þínum vinnustað?

- Mjög vel
- Frekar vel
- Hvorki vel né illa
- Frekar illa
- Mjög illa
- Engar siðareglur til
- Veit ekki hvort til eru siðareglur

24. Hefur þú átt aðild að umsókn um rannsóknarstyrk til Rannís á síðustu þremur árum?

- Já og fengið úthlutað fé
- Já en ekki fengið úthlutað fé
- Já en ekki fengið svar
- Nei

25. Hversu mikil eða lítil finnst þér fyrirhöfnin við að sækja um styrki til samkeppnissjóða?

- Mjög mikil
- Frekar mikil
- Hæfileg
- Frekar lítil
- Mjög lítil
- Á ekki við

26. Að hve miklu eða litlu leyti telur þú að rannsóknir háskólamanna ættu að vera fjármagnaðar af:

	Að öllu leyti	Að miklu leyti	Að jöfnu leyti	Að litlu leyti	Að engu leyti	Á ekki við
Samkeppnissjóðum	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Með rannsóknarfé á fjárlögum	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Með styrkjum frá fyrirtækjum	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

27. Hefur þú á síðastliðnum þremur árum unnið að rannsóknum sem kostaðar eru af fyrirtækjum eða einkaaðilum?

- Já
- Nei

Samkomulag um notkun gagna og skjala í rannsókninni Samfélagshlutverk háskóla

Samfélagshlutverk háskóla (SamHá) er rannsóknar- og þróunarverkefni unnið við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands og stýrt sameiginlega af Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri og Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Doktors- og meistaranemar taka einnig þátt í verkefninu.

Verkefnið hófst í apríl 2011 og ekki hefur verið skilgreint hvenær því lýkur. Verkefnið er unnið eftir verkáætlun sem lýst er í umsókn til Rannsóknastofu um háskóla dags. 15.2.2011. Þátttakendur í verkefninu eru miðað við febrúar 2012:

Dr. Amalía Björnsdóttir, dósent við HÍ
Auður Pálsdóttir, aðjúntk við HÍ
Hjalti Jóhannesson, aðstoðarforstöðumaður RHA
Hjördís Sigursteinsdóttir, sérfræðingur RHA
Dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við HA og HÍ
Dr. Sigurður Kristinsson, forseti Hug- og félagsvísindasviðs HA
Trausti Þorsteinsson, lektor við HA

Stýrihóp mynda Hjalti, Sigurður og Trausti.

Nýir aðilar geta bæst við verkefnið og orðið fullgildir þátttakendur á grundvelli þessa samkomulags. Skulu þeir undirrita frumritið og allir þátttakendur fá nýtt ljósrít.

Í verkefninu verður safnað gögnum af ýmsu tagi. Meðal þeirra eru:

- Tölfræðileg gögn og gagnaskrár.
- Hljóðupptökur með viðtölum.
- Viðtöl skráð í ritvinnslu.
- Upplýsingar um viðmælendur, bréf send viðmælendum og önnur skjöl sem tengjast viðtalsrannsóknnum.
- Minnispunktar og fundargerðir rannsóknarhópsins.
- Vinnuþlög, drög að textum o.fl. þess háttar óbirt efni.
- Skýrslur rannsóknarhópsins.

Meðan á hinni formlegu vinnu stendur hafa þátttakendur í rannsóknarhópnum jafnan aðgang að skjölum og gögnum enda skal fyrst og fremst nýta þau í vinnu samkvæmt verkáætlun. Önnur afnot, t.d. fyrirlestrar og greinar sem ekki eru hluti af rannsóknaráætlun, skulu vera með vitund og samþykki rannsókendanna. Sérstakt samkomulag skal gert um aðgengi að gögnum sem er safnað sem hluta af meistara- og doktorsverkefnum.

Gögn verði tryggilega varðveitt hjá RHA og þess gætt að utanaðkomandi aðilar fái ekki aðgang að þeim.

Eftir að rannsóknarverkefningu lýkur formlega skulu rannsakendurnir hafa frjálstan aðgang að gögnum til nánari úrvinnslu, umsókna um framhaldsrannsóknir eða nýjar rannsóknir, greinaskrifa, fyrirlestra og kennslu en tilkynna hinum rannsakendunum fyrir fram um notkunina og tilgang hennar. Þremur árum eftir að verkefningu er formlega lokið lýkur tímabili slíkrar tilkynningaskyldu. Þó gilda aðrar reglur um gögn nemenda, sbr. síðustu efnisgrein.

Um notkun persónulega greinanlegra gagna gilda almennar reglur um trúnað. Aðilar utan hópsins skulu undirrita trúnaðaryfirlýsingu vilji þeir fá aðgang að slíkum gögnum.

Afnot sem ekki eru tilgreind í þessu samkomulagi og afnot einstaklinga utan hópsins og þeirra sem kunna að koma að gagnasöfnun síðar eru háð samþykki annarra í hópnum.

Notkun skjala verkefnisins lýtur almennum reglum um höfundarrétt.


Í efni sem þátttakendur birta skal tilgreina tengsl við rannsóknina SamHá í neðanmálgrein texta eða á annan skýran hátt. Dæmi um texta: Greinin er unnin upp úr gögnum sem aflað var í verkefningu Samfélagslegt hlutverk háskóla. Meginmarkmið þess verkefnis er að leita svara við eftirfarandi rannsóknarspurningum 1) Hvernig skilja íslenskir háskólakennarar og sérfræðingar starfsskyldur sínar og fagmennsku? og 2) Hvernig skilja íslenskir háskólakennarar samfélag sitt og samfélagslegar skyldur?


Verkefnið hefur til dagsins í dag hlotið styrki frá Rannsóknastofu um háskóla og Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri.

Ákveði rannsóknarhópurinn eða hluti hans að halda áfram samstarfi um viðfangsefni verkefnisins eftir að því lýkur formlega skal endurnýja þennan samning og laga hann að nýrri verkáætlun. Rannsakendurnir skulu fá samþykki hver hjá öðrum um styrkumsóknir til að tryggja að ekki verði sendar of líkar umsóknir til sama styrkveitanda.

Ef upp koma ágreiningsmál skal þeim beint til stýrihóps til umfjöllunar og afgreiðslu. Ef aðilar í stýrihóp eiga hlut að ágreiningi skulu þeir víkja meðan málið er tekið fyrir.

Akureyri og Reykjavík 1. júní 2012


Sigrún Þorsteinsdóttir
Rannsakendur


Hósti
Rannsakendur

f. h. umskotitvar slókaþróunar
Þinna Sambjórn

Rannsóknir á íslensku þjóðfélagi
Ráðstefna í Háskólanum á Akureyri
20.-21. apríl 2012

Samfélagslegt hlutverk háskóla

Frumniðurstöður

Trausti Þorsteinsson
Hjördís Sigursteinsdóttir
Sigurður Kristinsson

Forsendur rannsóknar

- * Hrúnið kallar eftir ítarlegri endurskoðun og mati á ýmsum samfélagslegum gildum.
- * Gagnrýni á framgöngu akademískra starfsmanna háskólanna í skýrslu rannsóknarnefndar alþingis.
- * Rannsóknarstofa um háskóla.
 - * *Hvernig skilja íslenskir háskólakennarar og sérfræðingar starfsskyldur sínar og fagmennsku?*
 - * *Hvernig skilja íslenskir háskólakennarar samfélag sitt og samfélagslegar skyldur?*
- * Markmið að varpa ljósi á ýmsa þætti sem varða starfshætti í háskólum og tengslum þeirra við samfélagið.

Rannsóknarteymi

- * RHA og Miðstöð skólaþróunar.
- * Samstarfsverkefni kennara og sérfræðinga frá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands:
 - * Amalía Björnsdóttir, dósent HÍ.
 - * Auður Pálsdóttir, lektor HÍ.
 - * Hjalti Jóhannesson, sérfræðingur RHA.
 - * Hjördís Sigursteinsdóttir, sérfræðingur RHA.
 - * Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor HÍ.
 - * Sigurður Kristinsson, prófessor HA.
 - * Trausti Þorsteinsson, lektor HA.

Fræðilegur bakgrunnur

- * Háskólar vettvangur sameiginlegrar leitar kennara og nemenda að þekkingu. Kennsla og rannsóknir tvinnast saman.
- * Akademískt frelsi:
 - * Að flestra mati lykilatriði í starfi opinberra háskóla.
 - * Háskólar tryggja kennurum sínum frelsi til að kenna og rannsaka viðfangsefni sín eins og þeir sjálfir telja skynsamlegast.
 - * Magna Charta. Stjórnarskrá háskóla hérlendis.
 - * Viðleitni til að varðveita siðferðilegt og andlegt sjálfstæði gagnvart stjórnmalalegum og fjárhagslegum öflum.
- * Vinnumatskerfi:
 - * Andsnúið því að taka þátt í rannsóknum þar sem álitamál samtímans eru til umfjöllunar og að taka þátt í umræðu við aðila utan akademíunnar

Efnahagsleg öfl


- * Efnahagsleg öfl herja á vísindin í nútímanum.
- * Hugmyndin um griðland fræðanna hvetur til að fræðimenn:
 - * Standi vörð um sjálfstæði sitt gagnvart öllum þeim öflum sem vinna gegn hinni vísindalegu hugsjón.
 - * Hafi gagnrýnið eftirlit með störfum sínum í samræmi við það.
 - * Skoði á gagnrýninn hátt hvernig þekkingin er virkjuð í þágu ríkjandi afla í samfélaginu.

Rannsóknin


- * Spurningalisti sendur til allra starfsmanna sem sinna rannsóknum við háskólana.
- * Spurningalistinn vefrænn og þátttakendur svöruðu beint á tölvu.
- * Í þýðinu voru 897 einstaklingar.
- * Svör bárust frá 454 - svarhlutfall 50,6%.
 - * 423 vinnanleg svör.
 - * 49% karlar og 51% konur.
 - * 58% doktorspróf, 39% masterspróf, 3% bakkalárpróf.
 - * 31% prófessor, 20% dósent, 29% lektor, 13% aðjúnt, 7% sérfræðingur, fræðimaður, vísindamaður eða annað starfsvið.

Hlutverk háskóla


Hlutverk háskóla er




Viðhorf til kennslu




Síðfræði, sjálfbærni og starfsaðstæður




Að birta í bókum og tímaritum



Að flytja erindi á opinberum vettvangi



Að taka þátt í samfélagslegri umræðu





Samfélagslegt hlutverk háskóla

Könnun á viðhorfum háskólafélks

Trausti Þorsteinsson, lektor, kennaradeild HA
 Sigurður Kristinsson, forseti hug- og félagsvísindasviðs HA
 Hjördís Sigursteinsdóttir, sérfræðingur, RHA



HÁSKÓLI ÍSLANDS
 Menntavika 2012



Forsendur rannsóknar

- Hrúnið kallar eftir ítarlegri endurskoðun og mati á ýmsum samfélagslegum gildum.
- Gagnrýni á framgöngu akademískra starfsmanna háskólanna í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis.
- Rannsóknarstofa um háskóla.
 - *Hvernig skilja íslenskir háskólakennarar og sérfræðingar starfsskyldur sínar og fagmennsku?*
 - *Hvernig skilja íslenskir háskólakennarar samfélag sitt og samfélagslegar skyldur?*
- Markmið að varpa ljósi á ýmsa þætti sem varða starfshætti í háskólum og tengsl þeirra við samfélagið.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Rannsóknarteymi


- RHA og Miðstöð skólabróunar.
- Samstarfsverkefni kennara og sérfræðinga frá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands:
 - Amalía Björnsdóttir, dósent HÍ.
 - Auður Pálsdóttir, lektor HÍ.
 - Hjalti Jóhannesson, sérfræðingur RHA.
 - Hjördís Sigursteinsdóttir, sérfræðingur RHA.
 - Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor HÍ.
 - Sigurður Kristinsson, sviðsforseti HA.
 - Trausti Þorsteinsson, lektor HA.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Fræðilegur bakgrunnur

- Hlutverk háskóla?
 - Fyrirtæki, stofnun, samfélag
 - „Multiuniversities“
 - Lög um háskóla
 - Greining Jóns Torfa Jónassonar (2008) á hefðbundnum svörum:



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Magna Charta (1988)

1. Siðferðilegt og andlegt sjálfstæði gagnvart stjórnmalalegum og fjárhagslegum öflum
2. Náin og virk samskipti milli kennslu og rannsókna
3. Frelsi í rannsóknum og þjálfun
4. Varðstaða um húmaníska hefð Evrópu í sókn eftir algildri þekkingu.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
2012



Fræðilegur bakgrunnur

- Sjálfstæði háskóla
 - Stofnanalegt, siðferðilegt, andlegt
 - Þekking ógnar valdi; háskólar gagnrýnið afl í samfélaginu
 - Háskólar samt háðir ríkisvaldinu
- Akademískt frelsi:
 - Yfirlýsing rektora íslenskra háskóla (2005)
 - Háskólar tryggja kennurum sínum frelsi til að kenna og rannsaka viðfangsefni sín eins og þeir sjálfir telja skynsamlegast.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
2012



Fræðilegur bakgrunnur

- Takmarkanir á sjálfstæði og frelsi:
 - Aukin krafa um að sanna gildi og gagnsemi eigin kennslu og rannsókna.
 - Þrýstingur á að afla ytri styrkja
 - Stjórnunarvæðing stofnana
 - Markaðsvæðing rannsókna
 - Þjónusturannsóknir á samkeppnismarkaði
 - Greiðendur ýmist opinberir aðilar eða aðrir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

2012



Fræðilegur bakgrunnur

- Tengsl háskóla og ytra samfélags
 - Efnahagsleg og pólitísk öfl
 - Hugmyndin um griðland fræðanna
 - Dæmi úr skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis
 - Styrkir, stöður og úttektarskýrslur
 - Akademían á ekki að vera til sölu en ekki heldur að hverfast eingöngu inn á við
 - Vinnumatskerfi akademískra starfsmanna virðist andsnúið því að taka þátt í rannsóknum þar sem álitamál samtímans eru til umfjöllunar og að taka þátt í umræðu við aðila utan akademíunnar
 - Fjölmíðlar hafa áhuga á skoðunum frekar en fræðilegum rökum
 - Hvernig gagnast háskóli samfélaginu?
 - „búa til dót“ (nýsköpun)
 - stuðla að upplýstri samfélagsumræðu (lýðræði)



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Rannsóknin


- Spurningalisti sendur til allra starfsmanna sem sinna rannsóknum við háskólana.
- Spurningalistinn vefrænn og þátttakendur svöruðu beint á tölvu.
- Í þýðinu voru 897 einstaklingar.
- Svör bárust frá 454 – svarhlutfall 50,6%.
 - 423 vinnanleg svör.
 - 49% karlar og 51% konur.
 - 58% doktorspróf, 39% masterspróf, 3% bakkalárpróf.
 - 31% prófessor, 20% dósent, 29% lektor, 13% aðjúnkt, 7% sérfræðingur, fræðimaður, vísindamaður eða annað starfsvið.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hlutverk háskóla

Hlutverk háskóla er




HÁSKÓLI ÍSLANDS

2012


Kennsla og rannsóknir

Þeir sem kenna á háskólastigi eiga einnig að sinna rannsóknum:




HÁSKÓLI ÍSLANDS
2012

Siðfræði og sjálfbærni



HÁSKÓLI ÍSLANDS
2012


Kostun, frelsi og hlutlægni



HÁSKÓLI ÍSLANDS

2012

Væntingar og veruleiki



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Fjöldi sem í raun leggur áherslu, sem hlutfall af fjölda sem vill leggja áherslu


	Mjög mikla áherslu	Mikla áherslu	Mjög eða frekar litla áherslu
Birtingar í bókum og tímaritum	47%	87%	225%
Flutningur erinda á opinberum vettvangi	47%	84%	200%
Pátttaka í samfélagslegri umræðu	25%	49%	438%



HÁSKÓLI ÍSLANDS
2012



Vinnumatskerfið



HÁSKÓLI ÍSLANDS
Menntakvíka 2012



Samantekt

- Háskólar eiga að:
 - Vera gagnrýnið afl í samfélaginu, sjálfstætt griðland fræðanna grundvallað á akademísku frelsi
 - Ýta undir gagnrýna hugsun, stuðla að almennri menntun og þroska, búa nemendur undir fræðistörf, fagleg störf og sérhæfð.
 - Sporna við kostun á háskólastöðum
 - Meta betur þverfræðilegt samstarf og þátttöku háskólafélks í samfélagslegri umræðu



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Menntakvika 2012



Þjóðarspejillinn XIII

Rannsóknir í félagsvísindum 26. október 2012

Viðhorf háskólakennara til kennslu sinnar

Amalía Björnsdóttir og Auður
Pálsdóttir Menntavísindasviði HÍ

Samfélaglegt hlutverk háskóla

- Kynning þessi er hluti af stærri rannsókn (SamHÁ) þar sem háskólakennarar og sérfræðingar voru spurðir um hvernig þeir skilja starfsskyldur sínar og fagmennsku
- Hér er rýnt í hvert er viðhorf háskólakennara til
 - kennslunnar
 - vilja til að kenna
 - kennslumagns
 - þess hvort þeir sem kenni í háskólum eigi einnig að sinna rannsóknum



Þátttakendur



- Spurningalistinn var sendur til allra akademískra starfsmanna í háskólum á Íslandi haustið 2011
 - svarhlutfall 51% (454 af 897)
 - karlar 49%
 - konur 51%
 - 17% → 40 ára eða yngri
 - 34% → 41-50 ára
 - 36% → 51-60 ára
 - 13% → eldri en 60 ára




Spurningalisti og framkvæmd


- Spurningalisti saminn af rannsóknateymi
 - kennarar og sérfræðingar frá HÍ og HA
 - lesinn yfir af nokkrum einstaklingum utan rannsóknarhópsins og endurbættur
- Framkvæmd
 - rafrænn spurningalisti sendur á tölvupóstföng akademískra starfsmanna háskóla auk sérfræðinga sem sinna kennslu og rannsóknum
 - ítrekað þrisvar sinnum
 - þátttakendur voru upplýstir um rétt sinn til að neita þátttöku
 - könnunin stóð yfir frá 10. nóvember til 8. desember 2011







Ástæður fyrir kennslu stundakennara á námskeiðum



Styrkir og þátttakendur

- Verkefnið var styrkt af
 - Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri
 - Rannsóknastofu um háskóla
- Þátttakendur
 - Amalía Björnsdóttir, dósent við HÍ
 - Auður Pálsdóttir, aðjúntkt við HÍ
 - Hjalti Jóhannesson, forstöðumaður RHA
 - Hjördís Sigursteinsdóttir, sérfræðingur RHA
 - Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við HA og HÍ
 - Sigurður Kristinsson, forseti Hug- og félagsvísindasviðs HA
 - Trausti Þorsteinsson, lektor við HA





Þjóðarspegilinn XIII

Rannsóknir í félagsvísindum 26. október 2012

Bolognaferlið, akademískt frelsi og gæði í háskólastarfi

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson


Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri

I. Bolognaferlið

- Í rannsókninni Samfélagshlutverk háskóla (SamHá) var spurt
 - hversu vel eða illa háskólakennarar hefðu kynnt sér Bolognaferlið
 - hvort þeir teldu skilgreiningu hæfniviðmiða hafa aukið fjölbreytni og gæði
 - hvort þeir óttist að akademískt frelsi sé skert með afskiptum af inntaki náms og kennslu



Hversu vel eða illa ...




Hvaða ályktanir má draga af tölunum?

- (Við tókum í burtu þá sem töldu spurninguna ekki eiga við um þá sjálfa.)
- Bolognaferlið virðist ekki ógnandi því að næstum engir telja það í ósamræmi við akademískt frelsi – og flestir segjast þekkja það
- En þótt meirihlutinn telji það skerpa sýn sína á inntakið eru færri sem telja það hafa aukið fjölbreytni og gæði




Hverjir ráða innihaldi náms?

- Varla kemur á óvart að það eru umsjónarkennarar.
- Mér kemur meira á óvart að hversu litlu nemendur eru taldir ráða.



Hverjir ráða inntaki náms á því sviði/deild sem kennt er í?

- Hér er námsnefnd meira áberandi en um inntak einstakra námskeiða – en almennt er það nánasta umhverfið sem ræður (að frátöldum nemendum)



II. Kröfur um gæði og nýsköpun – og akademískt frelsi

Undirtónn: **Einfalt er að skilgreina hvað séu
góðar rannsóknir: Þær skulu vera gagnlegar
fyrir atvinnulífið**

- *Hvernig eru hugtök um gæði (quality, excellence) notuð þegar talað er um háskóla?*
- *Hvaða afleiðingar hafa kröfur um nýsköpun á akademískt frelsi?*



Gögn

Expert Panel. (2009, May). *Education, research and innovation policy. A new direction for Iceland.* (Rvk: Menntamálaráðuneytið).

Verkefnastjórn vísinda og háskólamála. (2009, 25. maí). *Skilagrein.* (Rvk: Menntamálaráðuneytið.)

Starfshópur vísinda- og tækninefndar VTR. (2012, 26. mars). *Einföldun á vísinda- og nýsköpunarkerfinu. Skýrsla drög.* (Rvk: Vísinda- og tækniráð).

Rúmlega 20 síður hver skýrsla.



Fjöldi valinna orða

- Innovation, nýsköpun 203
- Excellence, árangur 115
- Competitiveness, samkeppni 111
- Quality, gæði 88
- Mobility, hreyfanleiki 9



Þrástef og lögmætismynstur

- Stærðin skiptir máli
 - Stórar stofnanir eftirsóknarverðar
 - “Star companies” (Expert Panel, 2009)
 - Útrás – útrásarkarlmennska
- Siðferðilegur undirtónn
 - Við sóum fjármunum með óskilvirku kerfi og smáum einingum
 - Einföldun – heiti á skýrslu
 - Breytingar = Sameining stofnana (sérstaklega 2012)



Rannsóknir – vísindi – nýsköpun

- Kyrfilega spyrnt saman í tvennum og þrennum
- Forgangsröðun, forgangsröðun
 - “Intelligent prioritization” (Expert Panel, 2009)
- Verðmætasköpun – en hvers konar verðmæti?
- Akademískt frelsi?
 - Engin áhersla á rannsóknir sem ekki skila augljósri verðmætasköpun í bráð



Hvorki söguskilningur né framtíðarsýn

- Hrunið gleymt, jafnvel í skýrslum 2009
 - Notað sem afsökun í almennri skilvirkniorðræðu
- Ekkert sagt um Bolognaferlið eða viðurkenningar háskólanna 2007
- Alþjóðlegt samstarf í þágu stærðar fremur en smæðar
- Engin áhersla á akademískt frelsi og gagnrýna hugsun
 - Biesta o.fl. (2009): **Hvert gæti verið hlutverk háskóla í samfélaginu?**
- Og það er einmitt við þetta síðasta atriði sem við vonum að rannsóknin um **samfélagshlutverk háskóla** gæti komið að notum





Þjóðarspegilinn XIII

Rannsóknir í félagsvísindum 26. október 2012

Kostun háskólastarfs

Nokkrar niðurstöður úr rannsókn um
samfélagshlutverk háskóla

Hjalte Jóhannesson, starfandi forstöðumaður, Rannsóknna og þróunarmiðstöð HA
Sigurður Kristinsson, sviðsforseti Hug- og félagsvísindasviðs HA
Trausti Þorsteinsson, lektor við Hug- og félagsvísindasvið HA

Bakgrunnur rannsókna

- Hrunið 2008 kallaði eftir ítarlegri endurskoðun og mati á ýmsum samfélagslegum gildum
 - M.a. gagnrýni á framgöngu starfsmanna háskólanna í skýrslu rannsóknarnefndar alþingis
- Rannsóknarstofa um háskóla setti af stað rannsókn á samfélagshlutverki háskóla
 1. *Hvernig skilja íslenskir háskólakennarar og sérfræðingar starfsskyldur sínar og fagmennsku?*
 2. *Hvernig skilja íslenskir háskólakennarar samfélag sitt og samfélagslegar skyldur?*
 - Markmiðið að varpa ljósi á ýmsa þætti sem varða starfshætti í háskólum og tengslum þeirra við samfélagið



Um rannsóknina Samhá

- Samstarfsverkefni kennara og sérfræðinga frá HA og HÍ:
 - Amalía Björnsdóttir, dósent HÍ
 - Auður Pálsdóttir, lektor HÍ
 - Hjalti Jóhannesson, sérfræðingur RHA
 - Hjördís Sigursteinsdóttir, sérfræðingur RHA
 - Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor HÍ
 - Sigurður Kristinsson, prófessor HA
 - Trausti Þorsteinsson, lektor HA
- RHA og Miðstöð skólaþróunar við HA halda utan um rannsóknina
- Verkefnið er styrkt af
 - Rannsóknastofu um háskóla
 - Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri



Áhrif efnahagslegra afla

- Efnahagsleg öfl herja á vísindin í nútímanum
 - Hugmyndin um gríðland fræðanna þ.e. akademískt frelsi hvetur til að fræðimenn:
 - Standi vörð um sjálfstæði sitt gagnvart öllum þeim öflum sem vinna gegn hinni vísindalegu hugsjón
 - Skoði á gagnrýninn hátt hvernig þekkingin er virkjuð í þágu ríkjandi afla í samfélaginu – þar á meðal hvernig rannsóknir og kennsla er fjármögnuð!
 - Kostun háskólastarfs:
 - Virðist geta dregið í efa að kennslu og rannsóknum sé sinnt í akademísku frelsi



Rannsókn meðal háskólafólks

- Netkönnun send á netföng starfsmanna sem sinntu rannsóknum og kennslu við háskólana
 - Stóð yfir 10. nóvember - 8. desember 2011
- Þýði: 897
 - Þátttakendur upplýstir um rétt sinn til að neita þátttöku
 - Ítrekað þrisvar sinnum
- Svör: 454 (svarhlutfall 50,6%)
 - 423 vinnanleg svör
 - 49% karlar og 51% konur
 - 58% doktorspróf, 39% masterspróf, 3% bakkalárpróf.
 - 31% prófessor, 20% dósent, 29% lektor, 13% aðjúnt, 7% sérfræðingur, fræðimaður, vísindamaður eða annað starfsvið




Megin niðurstöður um kostun


- Í könnuninni kom m.a. fram:
 - Um 28% svarenda hefur unnið að rannsóknaverkefnum sem kostaðar eru af fyrirtækjum eða einkaaðilum á síðastliðnum þremur árum
 - Mikill meiri hluti svarenda (85%) telur að tryggja þurfi starfsskilyrði háskóla svo að þeir verði ekki háðir fyrirtækjum um fjármagn
 - Meiri hluti svarenda (66%) telur að fjármögnun rannsóknarverkefna af einkaaðilum geti dregið úr fræðilegri hlutlægni
 - Rannsóknir háskólamanna ættu að vera fjármagnaðar að miklu eða öllu leyti af...:
 - Með rannsóknafé af fjárlögum (49%)
 - Samkeppnissjóðum (47%)
 - Af fyrirtækjum (6%)




Hefur þú á síðastliðnum þremur árum unnið að rannsóknum sem kostaðar eru af fyrirtækjum eða einkaaðilum?



Að hve miklu leyti telur þú að rannsóknir háskólamanna ættu að vera fjármagnaðar af samkeppnissjóðum?




Að hve miklu leyti telur þú að rannsóknir háskólamanna ættu að vera fjármagnaðar með styrkjum frá fyrirtækjum?



Pearson Chi-Square 21,644⁸ ,006




Að hve miklu leyti telur þú að rannsóknir háskólamanna ættu að vera fjármagnaðar af rannsóknafé á fjárlögum?




Pearson Chi-Square 34,707¹⁰ ,000




„Fjármögnun rannsóknarverkefna af einkaaðilum getur dregið úr fræðilegri hlutlægni“




Hefur þú á síðastliðnum þremur árum unnið að rannsóknum sem kostaðar eru af fyrirtækjum eða einkaaðilum?




Að hve miklu leyti telur þú að rannsóknir háskólamanna ættu að vera fjármagnaðar af samkeppnissjóðum?



Að hve miklu leyti telur þú að rannsóknir háskólamanna ættu að vera fjármagnaðar af rannsóknafé á fjárlögum?



Að hve miklu leyti telur þú að rannsóknir háskólamanna ættu að vera fjármagnaðar með styrkjum frá fyrirtækjum?



Pearson Chi-Square 11,327² 4 ,023

Helstu drættir

- Kostun einkaaðila talsvert algengari meðal einkarekinna stofnana (um 40%) en opinberra (um 25%)
- Kostun einkaaðila algengari í raungreinum og heilbrigðisvísindum (um 40%) en í félags-, mennta-, hugvísindum og listum (um 20%)
- Hlutfallslega fleiri innan félags-, mennta-, hugvísinda og listagreina sem telja að kostun einkaaðila geti dregið úr fræðilegri hlutlægni (rúm 70%) á móti 55-60% hjá öðrum
- Almennt vill háskólaafólki að rannsóknir séu einungis að litlu leyti fjármagnaðar af styrkjum frá fyrirtækjum
- Ólík afstaða er meðal starfsfólks einkarekinna háskóla og ríkisrekinnna hvað varðar fjármögnum rannsókna
- Ólík afstaða er milli þriggja megin fræðasviða háskóla hvað varðar fjármögnum rannsókna

Takk fyrir



The Public Role of Universities – Survey among Icelandic Academics

This presentation reports research on how Icelandic university staff involved in teaching and research understands the role of the university, and how they view their own obligations to serve society as academics. The results are measured against four university traditions or ideologies, named after Cardinal Newman, Wilhelm Humboldt, St. Thomas Aquinas and Napoleon Bonaparte. A questionnaire was sent to all academic staff and researchers at Icelandic universities. The results strongly indicate that the basic values of the Humboldt university are strongly entrenched in the community of Icelandic academics. They emphasize that a university ought to be a force of criticism in society, and they share the vision that a university is an independent, academic zone of immunity, where academic freedom and institutional autonomy are fundamental values that need increased protection. They believe it is important to establish rules for governing the funding of university positions, and they are deeply concerned that university funding is becoming increasingly dependent on wealthy special interests with the consequence that researchers, specialists, teachers and students have less than full freedom to seek the truth in every matter. The working environment of Icelandic academics is also strongly criticized, especially the systematic evaluation of the effectiveness of university teachers and researchers, which determines their wages and promotion opportunities. Being directly linked with the academic workers' material interests, this evaluation system has a controlling influence that threatens academic freedom. In particular, the incentives it creates appear to be at odds with the professional ideals to which university staff adheres concerning participation in communal discourse.

Samfélagslegt hlutverk háskóla

Trausti Þorsteinsson lektor í menntunarfræði við HA, Sigurður Kristinsson prófessor í heimspeki við HA og Hjördís Sigursteinsdóttir sérfræðingur hjá RHA

Útdráttur

Greinin fjallar um rannsókn á því á hvern hátt starfsmenn íslenskra háskóla skilja hlutverk háskóla og samfélagslegar starfsskyldur sínar og það mátað að fjórum ólíkum hefðum í starfsemi háskóla, Newman, Humboldt, Tómas frá Akvínó og Napoleons hefðinni. Spurningalisti var lagður fyrir alla akademíska starfsmenn og sérfræðinga við háskóla á Íslandi. Niðurstöður benda sterklega til þess að grunngildi Humboldt háskólans séu föst í sessi innan íslensks háskólasamfélags. Íslenskt háskólafolk metur mikils það hlutverk háskóla að vera gagnrýnið afl í samfélaginu og tekur undir hugmyndina um háskóla sem sjálfstætt griðland fræðanna þar sem akademískt frelsi er grundvallaratriði. Mikill meirihluti telur mikilvægt að settar verði reglur um kostun á háskólastöðum. Bendir það til að háskólafolk hafi áhyggjur af þeirri þróun að fjársterk hagsmunaöfl geri sig ómissandi við fjármögnun háskólastarfs með þeim afleiðingum að rannsakendur, sérfræðingar, kennarar og nemendur hafi ekki fullt frelsi til að leita sannleikans í hverju máli. Gagnrýni kemur fram á starfsumhverfi íslensks háskólafolks. Þar berast böndin að því kerfi sem notað er til að leggja mat á árangur háskólakennara og sérfræðinga og grundvallar ákvarðanir um laun þeirra og framgang í starfi. Matskerfið er beintengt við hag og kjör starfsmanna og því mjög stýrandi. Notkun þess kann að hafa misfarist að því leyti að þeir hvatar sem tækið býr til virðast á skjön við þær faglegu hugsjónir sem háskólafolk aðhyllist að því er varðar þátttöku þess í samfélagslegri umræðu.

Efnisorð: Hlutverk háskóla, akademískt frelsi, sjálfstæði háskóla, samfélagslegar starfsskyldur, vinnumatskerfi.

The Public Role of Universities

Abstract

This article presents research on how Icelandic university staff understand the role of the university and the service they owe to society as part of their job. The results are measured against four university traditions or ideologies, named after Cardinal Newman, Wilhelm Humboldt, St. Thomas Aquinas and Napoleon Bonaparte. A questionnaire was sent to all academic staff and

specialists at Icelandic universities. The results strongly indicate that the basic values of the Humboldt university are strongly entrenched in the community of Icelandic academics. They emphasize that a university ought to be a force of criticism in society, and they share the vision that a university is an independent, academic zone of immunity, where academic freedom is of fundamental value. A large majority believes it is important to establish rules for governing the funding of university positions. This indicates concerns that university funding is becoming increasingly dependent on wealthy special interests with the consequence that researchers, specialists, teachers and students have less than full freedom to seek the truth in every matter. The working environment of Icelandic academics is also criticized, including the systematic evaluation of the effectiveness of university teachers and specialists, which determines their wages and promotion opportunities. Being directly linked with the academic workers' material interests, this evaluation system has a controlling influence. Its use appears problematic because it turns out that the incentives it creates seem to be at odds with the professional ideals that university staff adhere to concerning their participation in communal discourse.

Keywords: Role of universities, academic freedom, autonomy of universities, communal working obligations, performance evaluation.

Inngangur

Íslenskt samfélag hefur á undanförunum árum gengið í gegnum mikla efnahagslega dýfu sem varð til með hruni hins íslenska bankakerfis. Þetta alvarlega efnahags- og samfélagslega áfall hefur orðið til þess að kallað er eftir ítarlegri endurskoðun og mati á ýmsum þeim gildum sem samfélag okkar hefur verið reist á. Í samræmi við 3. mgr. 2. gr. laga nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða skipaði forsætisnefnd Alþingis rannsóknarnefnd til að leggja mat á hvort skýringar á falli íslensku bankanna og tengdum efnahagsáfallum mætti að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði (Páll Hreinsson, Tryggvi Gunnarsson og Sigríður Benediktisdóttir 2010). Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er m.a. vikið að háskólasamfélaginu og ýmis gagnrýni kemur fram á framgöngu akademískra starfsmanna háskólanna (Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir 2010).

Háskólar eru helstu menntastofnanir hvers samfélags. Hlutverk íslenskra háskóla er lögum samkvæmt að stuðla að sköpun og miðlun þekkingar og færni nemenda og samfélagsins alls. Þeir eiga að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti. Þeir eru miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísinda-samfélagi (Lög um háskóla nr. 63/2006). Háskólar hafa sjálfðæmi um starfsemi sína og veita menntun, sem tekur mið af þörfum samfélagsins hverju sinni. Hún getur hvort sem er verið fræðilegs eðlis eða starfsmiðuð nema að hvort tveggja sé.

Þessari rannsókn er ætlað að svara þeirri meginspurningu á hvern hátt kennarar og sérfræðingar íslenskra háskóla skilja hlutverk háskóla og samfélagslegar starfsskyldur sínar. Einkum er horft til siðfræðilegra þátta, sjálfbærni og starfsaðstæðna.

Bakgrunnur rannsókna og fræðilegt samhengi

1.1 Meginhlutverk háskóla

Háskólar eru sérstök tegund stofnunar og hafa sérstaka stöðu í hverju samfélagi. Þeir eru sjálfstæðar menntastofnanir, sem sinna kennslu, rannsóknum, varðveislu þekkingar, þekkingarleit og sköpun á sviðum vísinda, fræða, tæknipróunar eða lista (Lög um háskóla nr. 63/2006). Skipulag þeirra getur verið mismunandi m.a. vegna ólíkra landfræðilegra og sögulegra aðstæðna.

Páll Skúlason (2007) segir að líta megi á háskóla sem fyrirtæki, stofnun eða samfélag. Sé háskóli skoðaður sem fyrirtæki má líta svo á að meginafurðir hans séu annars vegar prófgráður stúdenta og hins vegar verk sem verða til við miðlun, leit og varðveislu þekkingar. Frammistaða háskólans er lögð á tæknilegan mælikvarða, þ.e. skilvirkni, hagkvæmni, samkeppnishæfni. Ef háskóli er skoðaður sem stofnun, þá vinnur hann í þágu allrar þjóðarinnar og er ætlað að leysa af hendi þau verk sem skyldur hans segja til um. Þessar skyldur eru fyrst og fremst kennsla og rannsóknir í þágu samfélagsins í heild. Starfsemi háskólans er þá lögð á mælikvarða sem miðast einvörðungu við almannaheill. Ef háskóli er skoðaður sem samfélag, þá er um að ræða formleg samtök kennara og nemenda sem þurfa að eiga í persónulegum og félagslegum samskiptum sín á milli til að ná markmiðum sínum.

Af þessu þrennu telur Páll Skúlason (2007) að í auknum mæli hafi verið litið á háskólana sem fyrirtæki á kostnað samfélagslegs eðlis þeirra. Hann segir hugtakið fjölháskóli (e. *multiuniversities*) lýsa þeirri stöðu háskólanna að þeir þurfi að þjóna mörgum hagsmunum samtímis og að sem stofnanir þurfa þær sífellt að velja og hafna hvað varðar verkefni og skipulag starfssemi. „Þar með virðist nánast hvaða starfsemi sem er geta farið fram á vegum háskóla allt eftir því hvað starfsmennirnir ákveða hverju sinni“ (Páll Skúlason, 2007, bls. 385). Þannig geta háskólar og starfsmenn þeirra komist í þá erfiðu stöðu að reyna að þjóna mörgum herrum samtímis.


Þótt ekkert einhlítt svar sé því hægt að gefa við spurningunni „hvert er hlutverk háskóla?“ má vísa í háskólahefðir sem svara henni hver með sínum hætti. Samkvæmt ensku hefðinni, sem kennd hefur verið við Newman kardinála, er eitt af meginhlutverkum háskóla að veita almenna menntun án tillits til starfa eða starfstengdra viðfangsefna (Jón Torfi Jónasson 2008). Guðmundur Heiðar Frímansson (2009) lítur á hlutverk háskóla í víðara samhengi og segir þá gegna margvíslegum hlutverkum fyrir eigin samfélög og fyrir alþjóðlegt samfélag fræðimanna. Nefnir hann í því sambandi að háskólar mennti fagstéttir og sérfræðinga af ýmsu tagi, lækna, lögfræðinga, kennara, hjúkrunarfræðinga, sem dæmi. Þetta nauðsynlega hlutverk í tæknivæddu nútímasamfélagi er áhersluatriði í franskrí háskólahefð sem kenna má við Napóleon (Jón Torfi Jónasson 2008). Þær deilur sem hafa hins vegar lengst staðið um háskóla snúast um það hvornig hlutverk þeirra við öflun þekkingar samrýmist fræðsluhlutverkinu (Jón Torfi Jónasson 2008). Í því efni er hugmyndafræði Humboldt-háskólans í Berlín sú sem norrænir og íslenskir háskólar eru reistir á. Samkvæmt henni eru háskólar vettvangur sameiginlegrar leitar kennara og nemenda að sannleikanum og þar tvinnast því saman kennsla og rannsóknir. Þótt færa megi rök fyrir að þetta fyrirkomulag sé bæði óþjál og kostnaðarsamt þá heldur hugmyndafræðin sínu fulla gildi. Í hugmyndum

Humboldts er einkum þrennt sem hefur haft lykiláhrif á nútíma háskólastofnanir: 1. Háskólinn sem samfélag kennara og nemenda á að meta fræði og vísindi ofar öðru og gæta þess að ytri áhrif spilli ekki fræðistörfum; 2. Háskólinn á að veita menntun sem gerir nemendur hæfari til að skilja lífið í heild sinni, þroskar þá og leiðir til betra mannlífs; 3. Háskólinn þarfnast akademísks frelsis og þess vegna er nauðsynlegt að akademískir starfsmenn komi að stjórnun hans á öllum stigum (Jón Torfi Jónasson 2008).

Svipuð stef er að finna í Magna Charta yfirlýsingunni (1988), sem undirrituð var af rektorum evrópskra háskóla í Bologna. Þar segir að háskólar skapi, fjalli um, meti og flytji áfram menningu með rannsóknum og kennslu, sem verði að vera siðferðilega og þekkingarlega óháð öllu pólitísku og efnahagslegu valdi. Grundvallarskilyrði háskóla er að þar tvinnist saman kennsla og rannsóknir, eigi fræðsla þeirra ekki að dragast aftur úr breyttum þörfum þegnanna, kröfum samfélagsins eða framförum í vísindalegri þekkingu. Í yfirlýsingunni er áhersla lögð á frelsi í rannsóknum og þjálfun og segir þar að bæði stjórnvöld og háskólar verði af fremsta megni að tryggja virðingu fyrir þeirri grundvallarkröfu. Yfirlýsingin samanstendur af fjórum grundvallarskilyrðum sem muni, nú og um ókomna framtíð styðja starf háskóla: 1) Viðleitni til að varðveita siðferðilegt og andlegt sjálfstæði gagnvart stjórn málaegum og fjárhagslegum öflum, 2) áherslu á nán og virk samskipti milli kennslu og rannsókna, 3) áherslu á frelsi í rannsóknum og þjálfun og 4) varðstöðu um húmaníska hefð Evrópu í sókn eftir algildri þekkingu.

Þau viðhorf til meginhlutverka háskóla sem hér hafa verið nefnd má kortleggja eftir staðsetningu á tveimur ásnum (Jón Torfi Jónasson, 2008). Lóðrétti ásinn metur það hvort áhersla skuli lögð á að þroska ímyndunaraflíð eða lýsa raunveruleikanum, en lárétti ásinn metur það hvort áhersla er lögð á fylgispekt við það sem er viðtekið eða gagnrýni og endursköpun.

Mynd 1. Viðhorf til meginhlutverka háskóla samkvæmt greiningu Jóns Torfa Jónassonar (2008)



Hugmyndir Newmans kardinála, sem einkenndu þróun enskra háskóla, lenda ofarlega á báðum ásum, þ.e. þær einkennast bæði af áherslu á að þroska ímyndunaraflíð og fylgispekt við hið viðtekna. Hér er lögð áhersla á persónulega ábyrgð, menntun og persónuþroska. Þverfaglegt nám undir persónulegri handleiðslu fellur hér undir, en ekki þátttaka nemenda í öflun nýrrar þekkingar eða gagnrýni á viðtekna þekkingu. Hugmyndir Humboldts lenda hins vegar ofarlega á lóðrétta ásnum en neðarlega á þeim lárétta, þ.e. þær einkennast af áherslu á að þroska ímyndunaraflíð en jafnframt gagnrýni á hið viðtekna. Hér er lögð áhersla á sannleiksleit sem markmið í sjálfu sér, vísindi og rannsóknir sem nemendur taka þátt í ásamt kennurum sínum. Hugmyndir í frönskum anda Napóleons lenda síðan ofarlega á lárétta ásnum en neðarlega á þeim lóðrétta, þ.e. áhersla er lögð á fylgispekt við hið viðtekna og tengsl við raunveruleikann. Hér er lögð áhersla á kröfur samfélagsins og þörf fyrir menntaðar fagstéttir, nýsköpun og þróun. Hugmyndir sem lenda neðarlega á báðum ásum einkennast af gagnrýni á hið viðtekna og jafnframt tengslum við raunveruleikann. Sem dæmi um slíka afstöðu nefnir Jón Torfi kenningar heilags Tómasar frá Akvínó, sem lagði áherslu á gagnrýna umsköpun þekkingar en jafnframt raunsanna og athafnatengda þekkingu á siðfræði og fagurfræði. Þessa kortlagningu er gagnlegt að hafa í huga þegar viðhorf háskólafélks til hlutverka háskóla eru könnuð og verður því vísað í hana í samantekt hér á eftir.

1.2 Sjálfstæði háskóla

Skýrt er í hugmyndafræði Humboldt-háskólans og Magna Carta yfirlýsingunni að eigi háskóli að gegna hlutverki sínu þarf að tryggja sjálfstæði háskóla og akademískt frelsi starfsmanna þeirra.

Sjálfstæði háskóla sem um er fjallað í lögum um háskóla felst í því að hann getur sett sér reglur um eigin starfsemi á borð við inntöku stúdenta, prófareglur, námsmatsreglur, gráður og þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að hljóta þær, hvaða námsleiðir er boðið upp á og hvaða skilyrði kennarar sem ráðnir eru til starfa þurfa að uppfylla (Guðmundur Heiðar Frímansson, 2012). Víðari skilning er að finna í Magna Carta yfirlýsingunni (1988) sem kveður á um siðferðilegt og andlegt sjálfstæði gagnvart stjórn- og fjármálaöflum.

Sjálfstæði háskóla er gríðarlega mikilvægt af ýmsum ástæðum sem tengjast hlutverki þeirra. Jón Torfi Jónasson (2008) minnir á að þar sem þekking er ákaflega öflugt verkfæri eru líkur til að ýmsir þeir sem hagsmuna eiga að gæta reyni að hefta eða stjórna öflun og útbreiðslu hennar. Slíkar tilraunir beinast m.a. að þeirri þekkingu sem ógnað getur ráðandi öflum eða að upplýsingum sem nýta má tilteknum málstað til varnar eða framdráttar. Vilhjálmur Árnason (2009) segir hugsjón háskólastarfs þá að fræðimönnum beri einungis að lúta kennivaldi fræðilegra röksemda og halla aldrei réttu máli vegna annarra hagsmuna sem þeir kunna að hafa eða vegna þrýstings utanaðkomandi afla. Guðmundur Heiðar Frímansson (2009) telur mikilvægast af öllu að varðveita háskólana sem gagnrýnið afl í samfélaginu. Þeir eiga að hans mati að ala nemendur upp í gagnrýnum hugsunarhætti, leitast við að láta þá temja sér að fallast ekki á skoðanir fyrr en ljóst sé hver rökin eru fyrir þeim. Háskólar eru jafnframt gagnrýnið afl þegar háskólakennarar leitast við að hafa áhrif á þróun eigin samfélags með því að vekja athygli á öðrum viðhorfum og skoðunum en þeim sem hæst ber hverju sinni.

Þrátt fyrir áherslu Magna Charta (1988) á sjálfstæði háskóla og þann almenna skilning að sjálfstæði og sjálfræði séu nauðsynlegir eiginleikar háskólastofnana geta þær tæplega orðið fyllilega sjálfstæðar í raun. Til þess að svo megi verða þarfnast þær sanngiarnrar verndar gagnvart ágengni ríkisins og jafnframt annarri ágengni og ógnunum á starfsviðinu. Nútíma háskóli hefur þannig á þversagnarkenndan hátt orðið háður stuðningi pólitískra yfirvalda ríkisins til að lifa af. Þetta er e.t.v. augljósast varðandi efnahagslega þætti þar sem a.m.k. evrópskir háskólar hafa almennt orðið háðir fjármögnun frá ríki til að tryggja sjálfræði sitt og sjálfstæði. Með lögum um háskóla 1997 var þess freistað að tryggja ákveðna fjarlægð milli háskóla og stjórn mála. Ákvarðanir af því tagi þýða ekki að yfirvöld háskóla og stjórn málamenn eigi ekki að ræðast skípulega við um málefni háskóla heldur að stjórn málamenn reyni ekki að þvinga þróun háskóla í áttir sem háskólamenn eru mótfallnir eða beita tilskipunum umfram brýna nauðsyn (Guðmundur Heiðar Frímannsson 2009).

En það er ekki aðeins á hinu fjárhagslega sviði sem háskólinn verður öðrum háður. Hann verður einnig að móta starf sitt og starfshætti í ljósi þróunar og nýrra viðhorfa í samfélaginu sem oftast en ekki verða til á grundvelli rannsókna í háskólunum. Guðmundur Heiðar Frímannsson (2009) bendir á að það sé mikilvægt að það séu deildirnar sem setja markmið námskeiðanna í háskólanum en ekki einhverjir aðrir, innan eða utan háskólanna. Sú skoðun útiloki hins vegar ekki að deildir ráðgista við aðila utan háskólanna um uppbyggingu náms eða að ríkisvaldið setji ákveðna forgangsroð á fé sem fer til rannsókna. Að hans mati getur verið full ástæða til þess að samfélagið fái að hafa áhrif á það sem fram fer innan háskólanna en þau áhrif verða að vera innan ákveðinna marka.

1.3 Akademískt frelsi

Akademískt frelsi felst í því að háskólakennarar stjórna því hvaða námskeið eru kennd, hvað er kennt í námskeiðum, hvernig er kennt, hverjir eru ráðnir til starfa og á hvaða sviðum. Akademískt frelsi á fyrst og fremst við um kennara í háskólum. Það felur í sér samband kennara við stúdenta af því að akademískt frelsi nær yfir kennslu. En akademískt frelsi helst í hendum við akademíska ábyrgð. Hún lýtur að því hvernig háskólakennarar afla þekkingar sinnar og bera sig að við að setja skoðanir sínar fram. Þeim ber að gæta hófs, taka tillit til öndverðra skoðana og raka með þeim, nota framsetningarmáta sem hæfir efninu. Í kennslu leggur akademískt frelsi þá skyldu á herðar háskólakennurum að gæta allra málefnaþra sjónarmiða, gæta þess að taka ekki fyrir efni sem kemur viðfangsefni kennslunnar ekkert við og halda fram afdráttarlausum skoðunum sínum um slík efni í viðleitni til að stuðla að því að nemendur tileinki sér þessi sjónarmið (Guðmundur Heiðar Frímannsson 2012).

Rektorar íslenskra háskóla hafa undirritað yfirlýsingu um forsendur og frelsi háskóla. Yfirlýsingin er eins konar stjórnarskrá háskóla hérlendis sem kveður á um þau grunngildi sem þeim ber að starfa eftir. Í yfirlýsingunni segir að hlutverk háskóla sé að skapa skilyrði til frjálsrar þekkingarleitar, -sköpunar, -varðveislu, og -miðlunar á sviði vísinda, fræða og lista. Með starfsemi sinni þjóni þeir fræðunum og langtíma-hagsmunum samfélagsins. Háskólunum ber að standa vörð um akademískt frelsi sem

felur það m.a. í sér að einstaklingur geti stundað rannsóknir, kennslu, eða nám án óeðlilegrar íhlutunar laga, stofnana, eða félagshópa. Sá sem nýtur akademísku frelsis getur leitað þekkingar og tjáð sannfæringu sína án þess að eiga á hættu að það bitni á starfsöryggi hans eða öðrum mikilvægum hagsmunum. Samkvæmt yfirlýsingunni nær akademískt frelsi til kennslu, rannsókna og nemenda. Það felur í sér rétt kennara til að fjalla um kennslugrein sína á þann hátt sem hann telur skynsamlegt og í samræmi við fræðilegar kröfur og til að meta árangur nemenda á faglegum forsendum. Nemendur hafa frelsi til að velja sér námsgrein, komast að eigin niðurstöðu og tjá skoðun sína. En akademísku frelsi fylgir jafnframt sú ábyrgð að viðkomandi starfi af heilindum og gangist undir fræðileg viðmið. Honum ber að forðast að eigin hagsmunir hafi áhrif á rannsóknarniðurstöður. Akademískt frelsi dregur ekki úr ábyrgð starfsmanns á að fara að almennum starfsreglum og siðareglum stofnunar sinnar (Yfirlýsing 2005).

Frelsið er þó ekki sjálfgefið og fram hafa komið sjónarmið um að því verði takmörk sett (Lay 2004; Rochford 2003). Rostan (2010) segir að á síðustu áratugum hafi akademísku frelsi verið ögrað. Tengslin milli ríkisins og hinnar æðri menntunar hafa breyst, valddreifing hefur aukist innan æðri menntastofnana og bæði þeim og fræðimönnum hefur verið stillt upp gagnvart auknum kröfum og þrýstingi af bæði hagkerfi og samfélagi. Æ oftar eru fræðimenn beðnir um að sanna gildi eða gagnsemi eigin kennslu eða rannsókna sem gerir þá e.t.v. síður frjálsa eða sjálfstæða í að setja sér eigin tilgang og markmið. Mat á kennslu er talið ein af helstu leiðum þar sem frammistaða fræðimanna er metin og nemendur eru megin þátttakendurnir í matinu. Guðmundur Heiðar Frímansson (2012) segir ytri óvini akademísku frelsis geta verið stjórnvöld, hugmyndafræði eða markaðsöfl. Á síðustu áratugum hafi markaðsöflin sótt í sig veðrið með leyndum og ljósum stuðningi stjórnmalamanna og alþjóðastofnana. Hann segir ekkert að því að fyrirtæki á markaði setji fé í rannsóknir við háskóla fylgi því ekki skilyrði. Það sé þó engin trygging fyrir því að stórfyrirtæki nýti ekki möguleika, sem skapast við það að veita fé til háskólarannsókna, á því að hafa áhrif á birtingu niðurstaðna og framgöngu háskólakennara í krafti hótana um að fjárstuðningur verði dregin til baka.

Bennich-Björkman (2004) bendir á að ef ekki er hægt að fjármagna rannsóknir beint í gegnum háskólana þá eru rannsakendur algjörlega háðir utanaðkomandi fjármagni. Rannsakendur noti óheyrilega mikinn tíma og orku í að afla fjármagns til rannsókna. Þá eru rannsóknasjóðir eyrnamerkir tilteknum sviðum sem skerðir möguleika rannsakenda til að fjármagna verkefni sín. Rostan (2010) segir að niðurstöður rannsóknar meðal háskólakennara í fimm Evrópulöndum sýni að þeir séu sammála þeirri staðhæfingu að þrýstingur á að afla ytri rannsóknarstyrkja hafi aukist síðan þeir voru ráðnir í núverandi starf. Karran (2007) bendir á að stjórnunarvæðing stofnana dragi úr frelsi en hann segir það vekja athygli hversu lítill gaumur því er gefinn í tengslum við umræðu um akademískt frelsi. Mikael M. Karlsson (2000) bendir á að vandamálið sé það að rannsóknir gerist sífellt kostnaðarsamari og fjöldi rannsakenda aukist hlutfallslega miðað við rannsóknarféð. Á sama tíma hafa háskólar og rannsóknarstofnanir mátt glíma við niðurskurð vegna efnahagsþrenginga. Þetta hafi „iðnvætt“ rannsóknir og dregið úr fræðilegum vinnubrögðum. Hann lætur í ljós áhyggjur sínar

af markaðsvæðingu rannsókna, að þær séu til sölu og fræðimenska lúti í lægra haldi fyrir óvönduðum vinnubröðgum og von um skjótfenginn arð.

Árið 2006 ályktuðu samtök háskólakennara á Norðurlöndum um akademískt frelsi þar sem fram koma þær áhyggjur kennara að það eigi undir högg að sækja. Einkenni þessa töldu þeir birtast í eftirfarandi:

- Vaxandi skrifræði og aukin miðstýring á rannsóknum og kennslu háskólakennara.
- Minnkandi lýðræði og takmörkuð aðkoma starfsmanna að ákvörðunum er varða háskólasamfélagið.
- Hert pólitísk stýring á rannsóknarfé og úthlutun þess.
- Skertur réttur til frjálsra birtinga á niðurstöðum rannsókna. Aukin áhersla á að einkaleyfa sé aflað og þess krafist í ríkara mæli en áður að rannsóknarniðurstöðum sé haldið leyndum (Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands, 2006).

Benda háskólakennarar á að akademískt frelsi sé grundvallar forsenda þess að rannsóknir geti blómstrað innan háskólanna. Þeir segja að í akademísku frelsi felist frjálst val rannsóknarefna og aðferða, frjálst og óheft birting á rannsóknarniðurstöðum og frjálsræði í skoðanaskiptum vísindamanna um rannsóknir og rannsóknarniðurstöður. Jafnframt að það feli í sér frelsi til gagnrýnnar umræðu um þau mál er varða samfélagið og þróun þess. Um leið leggja kennarar áherslu á að kröfu um frelsi fylgi rík ábyrgð gagnvart þeim verkefnum sem háskólakennarar eru ráðnir til að sinna og í samræmi við það hagi þeir störfum sínum (Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands 2006).

En háskólar búa ekki aðeins yfir akademískum starfsmönnum sem hafa rannsóknarskyldu sem hluta af ráðningarkjörum sínum. Innan þeirra eða rannsóknarstofnana sem reknar eru undir merkjum háskólanna starfar fjöldi sérfræðinga sem vinna við rannsóknir af ýmsum toga og verða að afla tekna til að kosta vinnulaun sín. Oftar en ekki annast slíkir sérfræðingar þjónusturannsóknir af ýmsu tagi, þeir starfa að hluta til á samkeppnismarkaði og annast rannsóknir fyrir hagsmunasamtök, einstaklinga, fyrirtæki eða stofnanir. Ráðningarformið sem slíkt dregur ekki úr akademískum kröfum sem háskólinn gerir til þessara starfsmanna sinna en hætta er á að viðfangsefnin og fjármögnun þeirra geti varpað rýrð á niðurstöður rannsókna þessara sérfræðinga sem sjálfstæðra, hlutlausra rannsækenda.

1.4 Háskóli og ytra samfélag

Í nútímanum herja efnahagsleg öfl á vísindin. Vilhjálmur Árnason (2009) segir að í því ljósi verði að ígrunda hugmyndina um gríðland fræðanna. Hún feli alls ekki í sér skeytingarleysi um það hvernig og í hvaða skyni fræðin eru notuð heldur hvetur hún til þess að fræðimenn standi vörð um sjálfstæði sitt gagnvart öllum þeim öflum sem vinna gegn hinni vísindalegu hugsjón, og að þeir hafi gagnrýnið eftirlit með störfum sínum í samræmi við það. Fræðimenn þurfa að skoða gagnrýnið hvernig þekkingin er

virkið í þágu ríkjandi afla í samfélaginu. Að öðrum kosti aukast líkurnar á því að fræðimenn verði handbendi ráðandi afla eða andstæðinga þeirra. Þetta getur gerst hvort heldur með því að fræðin séu notuð gagnrýnislaust sem framleiðslutæki eða að fræðimenn verði „aktívistar“ og noti fræðin sem verkfæri í pólitískum átökum sem koma sannleiksleitinni ekkert við.

Guðmundur Heiðar Frímansson (2009) telur gagnrýni hins vegar ekki tryggingu fyrir eilífum framförum en hún er sennilega skásta leiðin til að tryggja þokkalegt samfélag og að vitneskja og þekking þróist með eðlilegum hætti. Guðmundur Heiðar Frímansson (2012) segir að skyldur háskólakennara við samfélagið séu í sem allra stystu máli þær að sinna hlutverki sínu eins vel og kostur er, leggja sig fram í kennslu, rannsaka það sem viðkomandi hefur áhuga á að rannsaka og miðla eigin þekkingu til samfélagsins af gagnrýninni yfirvegun. „Menntunin, þekkingin og skilningurinn eru ótvíræð samfélagsgæði í þeim skilningi að þau bæta samfélagið allt, gera hverju samfélagi mögulegt að lifa og starfa með þeim hætti að einstalingarnir geta notið fleiri gæða sem lífið býður en ella.“

Í kjölfarið á hruni íslenska bankakerfisins og við uppgjör á því kom m.a. fram gagnrýni á hlut fræðimanna. Þeir þóttu oft og tíðum ekki hafa sinnt nægilega vel hlutverki sínu. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis á orsökum og afleiðingum bankahrunsins (Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir, 2010) kom m.a. fram að margir hafi gert sér grein fyrir viðtækum áhrifum bankanna á háskólastarf, lista- og menningarlíf. Í þessu sambandi gat t.d. verið um að ræða greiðslur til háskóla vegna rannsókna, t.d. styrkir eða stöður fræðimanna, en hætt er við að starfsmenn stofnunar eða fyrirtækis sýni eiganda sínum eða borgunarmanni ákveðna undirgefni eða auðsveipni. Þannig virðist svo sem gagnrýni á þróun mála í aðdraganda bankahrunsins hafi á köflum ekki verið sem skyldi. Forsvarsmenn fjármálafyrirtækja og stjórnámálamenn nýttu sér enda oft útgáfur fræðimanna til að auka trúverðugleika sinna fyrirtækja eða þeirrar stefnu sem unnið var eftir á þessum tíma. Sumar þessar úttektir voru kostaðar af aðilum sem áttu hagsmuna að gæta um þær niðurstöður sem fræðimennirnir komust að. Nefnd eru nokkur dæmi um mál af þessum toga í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um siðferðislegan hluta bankahrunsins. Þá fengu háskólar landsins að einhverju leyti styrki frá fjármálastofnunum fyrir bankahrunið.

Allmargir íslenskir fræðimenn hafa komið fram eftir bankahrunið og fjallað um það hvernig háskólar geta betur rækt hlutverk sitt til að rannsaka samfélagsleg viðfangsefni samtímans á hlutlægan hátt og til þess að veita nægilegt aðhald í samfélaginu. Meðal annars kemur fram hjá Vilhjálm Árnasyni (2009) að það vinnuáskerfi, sem háskólakennarar og sérfræðingar vinna samkvæmt, sé í raun andsnúið því að taka þátt í rannsóknum þar sem álitamál samtímans eru til umfjöllunar og því að taka þátt í umræðu við aðila utan akademíunnar. Þróunin hafi hins vegar verið sú að meta meira það starf háskólakennara sem felst í samræðu við aðra innan akademíunnar, s.s. með ritun ritrýndra fræðigreina, en fyrir að skrifa skýrslur eða álitsgerðir og veita ráðgjöf sem varðar álitamál samtímans sé veitt lítil umbun. Þá bendir sami höfundur á að þegar fræðimenn sitja fyrir svörum hjá fjölmiðlum um ýmis álitamál er varðar fræðasvið þeirra sé áhugi fjölmiðla fremur á skoðunum þeirra en fræðilegum rökum og greiningu.

Sé þetta svo, virðist ekki fyrst og fremst við fræðimenn að sakast en ljóst að hér þarf að bæta vinnubrögð og það hlýtur að vera hlutverk fræðimanna að sýna ákveðið frumkvæði í þessu efni. Sú nálægð sem skapast gjarnan í hinu, fámenna, íslenska samfélagi kann að valda því að fræðimönnum þyki óhægt um vik að tjá sig um pólitísk deilumál samtímans. Það gæti t.d. bitnað á þeim síðar á einn eða annan hátt. Sömuleiðis kann álit sérfræðinga að vera dregið í efa vegna tengsla þeirra við stjórnmálaflokka eða fyrirtæki. Í síðfræðihluta skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir 2010) er fjallað um þessi atriði og vitnað í „Reykjavíkurbreif“ Morgunblaðsins frá lokum ágúst 2009 um að erfitt hafi reynst fyrir blaðamenn blaðsins að fá álit fræðimanna á ýmsum álitamálum af framangreindum ástæðum.

2. Aðferðir

Meginviðfangsefni rannsóknarinnar *Samfélagslegt hlutverk háskóla* er að leita svara við því hvernig háskólakennarar og sérfræðingar skilja hlutverk háskóla og samfélagslegar starfsskyldur sínar. Einkum er litið til síðfræðilegra þátta, sjálfbærni og starfsaðstæðna. Gagna var aflað með spurningalista og verða þau skoðuð með hliðsjón af kyni og starfsheiti.

2.1 Þátttakendur

Spurningalistinn var sendur til allra akademískra starfsamanna í háskólum á Íslandi haustið 2011. Alls svöruðu 454 af 897 þátttakendum spurningalistanum og er því svarhlutfall 51%. Við úrvinnslu kom í ljós að 31 einstaklingur hafði svarað mjög fáum spurningum og voru þeir því settir til hliðar og því aðeins unnið úr 423 svörum. Þar af voru 49% (n=205) karlar og 51% (n=216) konur. Tveir svöruðu ekki spurningunni um kynferði. Um 17% (n=72) þátttakenda eru 40 ára eða yngri, um þriðjungur (n=141) 41-50 ára, 36% (n=154) 51-60 ára og 13% (n=56) eru eldri en 60 ára.

Mikill meirihluti, eða 85%, er í fullu starfi og aðeins 4% eru í minna en hálfu starfi. Rúmlega 58% segjast hafa lokið doktorsnámi. Spurt var um starfsheiti og eru 31% þeirra sem svöruðu prófessorar, 20% dósentar, 29% lektorar, 13% aðjuntar og 7% í öðrum störfum. Af þátttakendum starfa 80% við ríkisrekna háskóla, 14% við einkarekna háskóla en 6% starfa hjá rannsóknarstofnun eða stofnunum með annars konar fjárhag.

2.2 Mælitæki

Í rannsókninni var ákveðið að nota frumsaminn spurningalista. Sú ákvörðun byggist aðallega á tvennu; annars vegar að ekki fannst íslenskur spurningalisti sem svaraði með góðum hætti þeim rannsóknaspurningum sem lagt var upp með og í öðru lagi skilaði erlend gagnaleit að spurningalistum ekki þeim árangri sem höfundar gátu sett sig við. Spurningalistinn var þróaður af rannsóknateymi sem skipað var kennurum og sérfræðingum frá HÍ og HA. Við hönnun listans voru höfð í huga álitamál og dæmi úr samtímanum er varða starf háskólakennara og fylgt var leiðbeiningum Þorláks Karlssonar (2003) um samningu spurningalista. Um var að ræða lokaðar spurningar

og fullyrðingar sem annað hvort voru settar fram á nafnkvarða eða fimm þrepa raðkvarða, auk þess sem þátttakendum var gefinn kostur á að koma með athugasemdir í lok spurningalistans. Í listanum voru einnig spurningar um bakgrunn þátttakenda m.a. menntun, fyrri starfsreynslu, starfsheiti og hversu lengi þeir höfðu verið í núverandi starfi.

Fengnir voru 20 aðilar til þess að sannreyna spurningalistan og tekin var afstaða til þeirra athugasemda sem fram komur úr forprófuninni.

Í þessari grein voru notaðar sex fullyrðingar um hlutverk háskóla ($r = .649$) og níu fullyrðingar um afstöðu til samstarfs, kostunar, akademísku frelsis, siðfræði og sjálfbærni ($r = .647$). Auk spurninga um afstöðu til þátttöku í samfélagslegri umræðu, afstöðu til flutnings erinda á opinberum vettvangi og afstöðu til birtingar í bókum og tímaritum.

2.3 Framkvæmd

Spurningalisti var sendur á tölvupóstföng allra akademískra starfsmanna háskóla á Íslandi auk sérfræðinga háskólanna sem sinna kennslu og rannsóknum. Óskað var eftir þátttöku þeirra í rannsókninni og sú ósk ítrekuð þrisvar sinnum. Spurningalistinn innihélt kynningarbréf þar sem fram kom hver stóð að rannsókninni. Þátttakendur voru upplýstir um rétt sinn til að neita þátttöku og tekið fram hvernig farið verður með upplýsingarnar. Öllum var frjálst að hafna þátttöku án athugasemda en einnig gátu þátttakendur sleppt því að svara einstökum spurningum. Könnunin stóð yfir frá 10. nóvember til 8. desember 2011. Spurningalistinn var vefrænn og gátu þátttakendur svarað beint á tölvu.

Unnið var úr niðurstöðum í SPSS 20.0. Notað var kí-kvaðrat próf til að meta tengsl á milli breytna með nafnkvarða og raðkvarða og Spearman rho til að skoða fylgni milli tveggja raðkvarða.


2.4 Takmarkanir

Megin takmarkanir þessarar greinar eru fólgnar í því að hún byggir eingöngu á spurningakönnun og útgefnum fræðiritum en ekki hlutlægum gögnum á borð við stigamat, rekstur og fjármögnun, t.d. um kostun háskólastarfs. Hún felur ekki í sér nein eigindleg gögn. Með fleiri gerðum gangna væri hægt að varpa skýrara ljósi á ýmsar spurningar sem hér er velt upp.

3. Niðurstöður

Í rannsókninni var leitað eftir afstöðu þátttakenda til þess hvert væri hlutverk háskóla og þeir beðnir um að taka afstöðu til sex fullyrðinga á fimm stiga kvarða. Almennt eru flestir starfsmenn háskólanna sammála þeim fullyrðingum sem settar voru fram varðandi hlutverk háskóla en fram kemur augljós áherslumunur í afstöðu þeirra til fullyrðinganna, eins konar forgangsröðun eins og sjá má á mynd 2.

Mynd 2. Afstaða til sex fullyrðinga um hlutverk háskóla




Hlutfallslega flestir háskólakennarar og sérfræðingar eru mjög sammála þeirri fullyrðingu að hlutverk háskóla sé að ýta undir gagnrýna hugsun (89%) og að hlutverk háskóla sé að stuðla að almennri menntun, þroska og víðsýni nemenda (81%). Hlutfallslega fæstir eru mjög sammála fullyrðingunni um að hlutverk háskóla sé að sjá atvinnulífina fyrir sérhæfðum starfskröftum en jafnframt hlutfallslega flestir sem eru frekar eða mjög ósammála þeirri fullyrðingu (7%).

Marktæk tengsl eru á milli kyns og eftirfarandi fullyrðinga um hlutverk háskóla; að ýta undir gagnrýna hugsun ($\chi^2(3, N=415)=12,0, p=0,005$), að stuðla að almennri menntun, þroska og víðsýni nemenda ($\chi^2(3, N=415)=13,0, p=0,005$), að ýta undir siðferðisvitund/siðferðisþroska ($\chi^2(4, N=415)=29,5, p<0,001$) og að mennta fagstéttir ($\chi^2(4, N=407)=25,5, p<0,001$). Hærra hlutfall kvenna en karla er mjög sammála þessu fullyrðingum. Einnig komu fram marktæk tengsl milli starfsheitis og fullyrðingarinnar um að hlutverk háskóla sé að stuðla að almennri menntun, þroska og víðsýni nemenda ($\chi^2(15, N=415)=34,3, p=0,003$) þar sem lektorar og sérfræðingar, fræðimenn eða vísindamenn eru í meira mæli mjög sammála henni en starfmenn með önnur starfsheiti.

Leitað var eftir afstöðu þátttakenda til þeirrar fullyrðingar að þeir sem kenna á háskólastigi eigi einnig að sinna rannsóknum. 88% voru sammála fullyrðingunni, þar af 60% mjög sammála. Nokkur munur virðist hins vegar á afstöðu þátttakenda með tilliti til stöðu þeirra innan háskólanna (mynd 3).


Mynd 3. Þeir sem kenna á háskólastigi eiga einnig að sinna rannsóknum. Greint eftir stöðu



Tengslin milli þessarar fullyrðingar og starfsheitis svarenda eru marktæk ($\chi^2(20, N=415)=63,9, p<0,001$). Afstaða akademískra starfsmanna til fullyrðingarinnar um að þeir sem kenna á háskólastigi eigi einnig að sinna rannsóknum fer saman við framgangskerfi kennara, þ.e. eftir því sem menn raðast ofar í hinn akademíska virðingarstiga því hærra hlutfall er mjög sammála fullyrðingunni.


Í könnuninni voru þátttakendur beðnir um að taka afstöðu til fullyrðinga er vörðuðu nám í siðfræði, sjálfbærni, þverfaglegt samstarf og akademískt frelsi (mynd 4). Tvær fullyrðingar skera sig nokkuð úr hvað varðar samþykki þátttakenda. Flestir eru sammála því að þverfræðilegt samstarf háskólafélks sé mikilvægt (54% mjög sammála) og að setja þurfi reglur um kostun á háskólastöðum (52% mjög sammála). Fast að helmingur þátttakenda er þeirrar skoðunar að kostun á háskólastöðum bitni á akademísku frelsi og fræðilegri hlutlægni. Liðlega fimmti hver þátttakandi svarar því til að hann sé ósammála því að námi um siðfræði sé nægilega sinnt í sinni deild en fjórðungur er sammála því að svo sé. Hlutfall þeirra sem er sammála því að matskerfi skólans skerði akademískt frelsi sitt er svipað og þeirra sem er því ósammála.

Mynd 4. Afstaða til samstarfs, kostunar, akademísks frelsis, siðfræði og sjálfbærni



Marktæk tengsl eru á milli kyns og eftirfarandi fullyrðinga um samstarf, siðferði og sjálfbærni; þverfræðilegt samstarfs háskólafélks er mikilvægt ($\chi^2(4, N=414)=15,6, p=0,004$), nám í siðfræði ætti að vera hluti af öllum bakkalárnámi ($\chi^2(4, N=404)=25,5, p<0,001$), nám í sjálfbærni ætti að vera hluti af bakkalárnámi í minni deild ($\chi^2(4, N=390)=16,2, p=0,003$) og nám í sjálfbærni ætti að vera hluti af öllum bakkalárnámi ($\chi^2(4, N=396)=15,5, p=0,004$). Það gefur til kynna að konur séu almennt mun frekar mjög sammála þessum fullyrðingum en karlar. Einnig komu fram marktækt tengsl milli starfsheitis og fullyrðingarinnar um að matskerfi skólans skerði akademískt frelsi ($\chi^2(4, N=393)=55,6, p<0,001$) þannig að prófessorar skera sig úr því 35% þeirra eru mjög sammála þessu en 7–16% annarra starfsheita. Í rannsókninni var leitað eftir afstöðu þátttakenda til þess hvernig þeim virtist tilteknum atriðum vera háttað í starfi háskólanna og hvernig þeir vildu sjá þeim háttað. Leitað var m.a. eftir afstöðu til þátttöku í samfélagslegri umræðu, afstöðu til flutnings erinda á opinberum vettvangi og afstöðu til birtingar í bókum og tímaritum. Voru svarendur beðnir að leggja mat á það annars vegar hve mikil áhersla sé í raun á þessa þætti í starfi þeirra og hins vegar hve mikla áherslu þeir vilji leggja á þá (mynd 5).

Mynd 5. Afstaða til birtingar á opinberum vettvangi, flutnings erinda á opinberum vettvangi og þátttaka í samfélagslegri umræðu




Fylgni ($r_s=0,42$) er á milli áherslna í starfi og væntinga hvað varðar birtingar í bókum og tímaritum miðað við 99% öryggi. Hér var safnað svörum sem tóku til ritrýndra og óritrýndra greina, greina í ráðstefnuritum og bókarkafli. Sögðust 83% vilja leggja frekar (53%) eða mjög (30%) mikla áherslu á birtingar, en 72% sögðust í raun leggja frekar mikla (58%) eða mjög mikla (14%) áherslu á þennan þátt í starfi sínu. Hlutfall þeirra sem í raun leggja hér mikla áherslu er 87% þeirra sem það vilja, en hlutfallið lækkar í 47% ef einungis er litið á þá sem merktu við mjög mikla áherslu.

Einnig kom fram fylgni ($r_s=0,31$) milli áherslna í starfi og væntinga þegar kom að flutningi erinda á opinberum vettvangi miðað við 99% öryggi. Undir þennan lið er safnað svörum bæði um miðlun á fræðilegum og almennum vettvangi, þ.e. annars vegar að flytja erindi fyrir faghópa á ráðstefnum, halda inngangsfyrirlestra á alþjóðlegum ráðstefnum og erindi í boði háskóla, og hins vegar að miðla þekkingu á fundum, ráðstefnum og í ljósvakamiðlum. Á væntingahliðinni sögðust 91% vilja leggja frekar (46%) eða mjög (45%) mikla áherslu á að flytja erindi á opinberum vettvangi, en aðeins 76% sögðust í raun leggja frekar (54%) eða mjög (21%) mikla áherslu á þennan þátt. Fjöldi þeirra sem í raun leggja mikla áherslu á að flytja erindi á opinberum vettvangi er 84% af fjölda þeirra sem myndu vilja leggja hér mikla áherslu, en þetta hlutfall lækkar í 47% ef einungis er metið hve stór hluti þeirra sem vilja leggja mjög mikla áherslu á þennan þátt gera það í raun.

Mun minni fylgni kom fram ($r_s=0,13$) milli áherslna í starfi og væntinga miðað við 95% öryggi hvað varðar þátttöku í samfélagslegri umræðu. Væntingarnar voru þannig að 76% sögðust vilja leggja frekar (48%) eða mjög (28%) mikla áherslu á slíka þátttöku, en veruleikinn sá að aðeins 37% sögðust leggja frekar (30%) eða mjög (7%) mikla áherslu á þennan þátt í starfi sínu. Fjöldi þeirra sem í raun leggja mikla áherslu á þátttöku í samfélagslegri umræðu er þannig aðeins 49% af fjölda þeirra sem myndu vilja leggja hér mikla áherslu.

Marktæk fylgni er á milli áherslna í starfi og væntinga eftir akademískri stöðu starfsmanna. Fylgnin er meiri meðal aðjúnkta ($r_s=0,58$) og prófessora ($r_s=0,40$) en lektora ($r_s=0,33$) og dósenta ($r_s=0,28$) (mynd 6).

Mynd 6. Birting í bókum og tímaritum eftir akademískri stöðu



Af niðurstöðum að dæma er ljóst að allir starfshóparnir vilja hafa meiri áherslu á þennan þátt í starfi sínu.

4. Umræða

Rannsóknarspurningin sem sett var fram hér í upphafi var sú á hvern hátt kennarar og sérfræðingar íslenskra háskóla skilja hlutverk háskóla og samfélagslegar starfsskyldur sínar, einkum með tilliti til siðfræðilegra þátta, sjálfbærni og starfsaðstæðna. Þær niðurstöður sem hér hefur verið lýst veita gagnlegar vísbendingar um svör við þessari spurningu, ásamt því að vekja frekari spurningar.

4.1 Hlutverk háskóla

Greinilegt er að skilningur íslensks háskólafólks á hlutverki háskóla er mjög í anda þeirra hugmynda sem kenndar eru við Humboldt-háskólann. Nánast allir segjast mjög eða frekar sammála því að hlutverk háskóla sé að ýta undir gagnrýna hugsun og mikið sammæli er við þá staðhæfingu að þeir sem kenna á háskólastigi eigi einnig að sinna rannsóknum. Þessar niðurstöður benda sterklega til þess að grunnildi Humboldt háskólans séu föst í sessi innan íslensks háskólasamfélags, hvað sem líður umræðu um ónóga skilvirkni.

Sömu ályktun má draga af þeim fjölda er segist sammála því að hlutverk háskóla sé að búa nemendur undir rannsókn- og fræðistörf, því áhersla á samfélag nemenda og kennara við frjálsa sannleiksleit, vísindi og rannsóknir einkennir Humboldt-háskólann sérstaklega. Athyglisvert er að eindregið sammæli við þessa staðhæfingu eykst

jafnt og þétt eftir því sem ofar kemur í framgangskerfi háskólanna. Möguleg skýring á þessu er sú að háskólakennarar velji sér starfshlutverk og áherslur í starfi út frá skoðunum sínum á hlutverki háskóla. Sennilegra er þó að skoðanir háskólakennara á því hver séu meginhlutverk háskóla mótist af þeirra eigin starfshlutverki og áherslum í starfi, eða að þessar skýringar báðar til samans bendi á samverkandi ástæður.

Íslenskt háskólafolk virðist einnig afar hallt undir þær hugmyndir sem kenndar eru við Newman kardinála og einkenna enska hefð, ef marka má sammæli svarenda við þá staðhæfingu að hlutverk háskóla sé að stuðla að almennri menntun, þroska og vísýni nemenda. Rétt er þó að muna að húnísk áhersla á persónuþroska og heildstæða þekkingu eða lífsskoðun er einnig lykilatriði hjá Humboldt, svo að þessi svör samrýmast einnig þeirri tilgátu að hugmyndir hans hafi haft djúpstæð áhrif á íslenskt háskólasamfélag (Jón Torfi Jónasson 2008). Ekki var spurt sérstaklega um mismunandi viðhorf til hlutverka grunn- og framhaldsnáms en geta má sér þess til að hér hafi svarendur sérstaklega í huga grunnstig háskólamenntunar; framhaldsnámið tengi þeir frekar við undirbúning undir fræði- og rannsóknarstörf líkt og hefð er fyrir í Bandaríkjunum, þar sem framhaldsnám heyrir undir sérstaka skipulagseiningu háskóla (graduate school) og er þannig aðgreint frá námi á grunnstigi. Segja má að í bandaríska fyrirkomulaginu séu hinar ensku college-hugmyndir Newmans leiðarljós grunnstigsins en áhersla Humboldts á samtíðinn kennslu og rannsókn undirstaða framhaldsnámskólans. Þó þessi aðgreining sé ekki eins skýr í háskólum sem skipulagðir eru í anda Humboldt-háskólans, svo sem á Norðurlöndunum að Íslandi meðtöldu, þá leggja þeir jafnan meiri áherslu á rannsóknáþátttöku nemenda eftir því sem þeir eru lengra komnir í námi.

